

Lögfræðisvið

# Íþróttamenn í landslíðsverkefnum

Hver er staða íþróttafélaga gagnvart íþróttasársamböndum vegna þátttöku leikmanna í landslíðsverkefnum?

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Trausti Eiríksson

Leiðbeinandi: Unnar Steinn Bjarndal Björnsson

Vorönn - 2015



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



Staðfesting lokaverkefnis til BS- gráðu í viðskiptalögfræði

*Lokaverkefnið:*

**Hver er staða íþróttafélaga gagnvart  
íþróttasérsamböndum vegna þátttöku  
leikmanna í landsliðsverkefnum?**

Höfundur:

Trausti Eiríksson, kt: 230791-2529

Hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og  
hlotið lokaekinnina: \_\_\_\_\_

Bifröst 20. apríl 2015

## Íþróttamenn í landsliðsverkefnum

*Hver er staða íþróttafélaga gagnvart  
íþróttasérsamböndum vegna þátttöku leikmanna í  
landsliðsverkefnum?*

Lokaverkefni til BS – gráðu í viðskiptalögfræði

Ritgerðarhöfundur: Trausti Eiríksson

Leiðbeinandi: Unnar Steinn Bjarndal Björnsson

**Vormisseri 2015**

## Útdráttur

Í maí 2014 unnu þrjátíu þýsk handknattleiksfélög mál í Héraðsdóm Dortmund sem þau höfðu gegn þýska handknattleikssambandinu og Alþjóðahandknattleikssambandinu. Málið fjallaði um hvort það stæðist samkeppnislög að íþróttasamböndin gætu kallað til sín leikmenn í landsliðsverkefni án þess að leikmennirnir væru tryggðir eða íþróttafélögunum væru borgaðar bætur vegna þátttöku þeirra. Í ritgerðinni er farið yfir lög og reglugerðir íþróttasársambanda, samkeppnisreglur, horft á málið frá sjónarmiði íþróttafélaga annars vegar og íþróttasambanda hinsvegar. Auk þess verða skoðaðir dómar og kvartanir sem hafa borist á borð Evrópusambandsins varðandi álitæfnið.

Sú niðurstaða er dregin af efni ritgerðarinnar að staða íþróttafélaga gagnvart íþróttasársamböndum er að íþróttafélag geti ekki neitað íþróttasársambandi um þjónustu leikmanns í landsliðsverkefni, svo lengi sem landsliðsverkefnið er viðurkennt af alþjóðaíþróttasársamböndunum. Íþróttafélögunum ættu þó að vera greiddar bætur og leikmenn þeirra tryggðir svo að jafnræðis sé gætt. Í dag eru þessar bætur ekki nægjanlega háar að mati höfundar til þess að réttlæta að íþróttafélög séu skyldug til að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni. Höfundur telur að núverandi reglur og lög varðandi landsliðsverkefni stangist á við evrópsk samkeppnislög. Þessum lögum íþróttasambandanna verður að breyta til að jafna hlut íþróttafélaganna en mikilvægi stórmóta í íþróttagreinum er of mikið bæði fjárhagslega og félagslega til þess að hægt sé að leggja þau niður.

## Formáli

Rannsóknarritgerð þessi er 12 ECTS lokaverkefni til B.Sc gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Leiðbeinandi við gerð ritgerðarinnar var Unnar Steinn Bjarndal Björnsson, héraðsdómslögmaður. Ritgerðarhöfundur hóf nám við Háskólann á Bifröst haustið 2011 og hefur stundað nám við grunnnámsdeild sem og fjarnámsdeild skólans. Vinna og undirbúningur ritgerðarinnar hófst í janúar 2015 og er henni skilað í apríl sama ár.

*Ritgerð þessi er unnin af undirrituðum til BS- náms í  
viðskiptalögfræði við lögfræðisvið Háskólans á Bifröst*

---

Trausti Eiríksson

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Aðferðafræði</b> .....	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>Helstu hugtök</b> .....	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>Íþróttafélög</b> .....	<b>8</b>
<b>4.1</b>	<b>Samningur íþróttamanns við íþróttafélag</b> .....	<b>8</b>
<b>5</b>	<b>Íþróttasársambönd</b> .....	<b>11</b>
<b>5.1</b>	<b>Handknattleikssamband Íslands</b> .....	<b>11</b>
5.1.1	IHF (International handball federation).....	12
<b>5.2</b>	<b>Knattspyrnusamband Íslands</b> .....	<b>13</b>
5.2.1	FIFA (Fédération Internationale de Football Association).....	15
<b>5.3</b>	<b>Körfuknattleikssamband Íslands</b> .....	<b>17</b>
5.3.1	FIBA (Fédération Internationale de Basketball) .....	18
<b>6</b>	<b>Landsliðsverkefni</b> .....	<b>20</b>
<b>6.1</b>	<b>Kostir og gallar fyrir íþróttafélög á því að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni</b> .....	<b>21</b>
<b>6.2</b>	<b>Mikilvægi landsliðsverkefna</b> .....	<b>24</b>
<b>6.3</b>	<b>Hagur alþjóðasambanda af landsliðsverkefnum</b> .....	<b>25</b>
<b>7</b>	<b>Samkeppnislög</b> .....	<b>27</b>
<b>7.1</b>	<b>Grein nr. 101 TFEU</b> .....	<b>27</b>
<b>7.2</b>	<b>Grein nr. 102 TFEU</b> .....	<b>28</b>
<b>8</b>	<b>Dómar og deilur milli íþróttasambanda og íþróttafélaga</b> .....	<b>30</b>
<b>8.1</b>	<b>Oulmer málið</b> .....	<b>30</b>
8.1.1	Ályktun .....	31
<b>8.2</b>	<b>Kvörtun samtaka Handknattleiksfélaga í Evrópu</b> .....	<b>32</b>
8.2.1	Ályktun .....	33
<b>8.3</b>	<b>Þýski handknattleiksdómurinn</b> .....	<b>34</b>
8.3.1	Ályktun .....	35
<b>9</b>	<b>Niðurstaða</b> .....	<b>36</b>
<b>10</b>	<b>Lokaorð</b> .....	<b>38</b>
<b>11</b>	<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>40</b>

## 1 Inngangur

Að fá tækifæri til að keppa fyrir hönd þjóðar sinnar á alþjóðavetvangi í íþróttagrein er talinn einn mesti heiður sem íþróttamanni getur hlotnast. Íslensk íþróttalandslið hafa á síðustu árum oft keppt á Ólympíu, Evrópu- eða heimsmeistaramótum (hér eftir „stórmót“) eða verið nálægt því að fá þátttökurétt á slíkum mótum.

Íþróttalandslið eru samansett af færustu einstaklingum hvernar þjóðar í hverri íþróttagrein. Þeir keppa flestir í íþróttinni með íþróttafélagi, annaðhvort sem atvinnu eða áhugamenn. Íþróttamennirnir eru langoftast sammingsbundnir þessu íþróttafélagi og hafa þá skyldum að gegna gagnvart því. Þessar skyldur eru meðal annars að mæta á skipulagðar æfingar og keppa fyrir hönd félagsins. Íþróttamaðurinn getur svo verið kallaður í landsliðsverkefni og þarf þá að yfirgefa sitt íþróttafélag.

Í landsliðsverkefnum og einna helst á stórmótum er gífurlegt álag á íþróttamönnum, hætta er á meiðslum og á meðan þeir sinna þeim verkefnum geta þeir ekki stundað íþróttina með sínu íþróttafélagi. Það sést að það er ekki kjörstaða fyrir íþróttafélög að þurfa láta frá sér leikmenn í landsliðsverkefni.

Í kringum þessi landsliðsverkefni eru auk þess seldir út sjónvarpsréttir, aðgöngumiðar og auglýsingar sem skapa tekjur fyrir það íþróttasársamband sem heldur utan um mótið. Hluta af þessum tekjum er síðan deilt með þeim íþróttafélögum sem eiga leikmenn á mótinu. Íþróttafélög hafa verið ósátt með að fá ekki stærri hlut af þessum tekjum þar sem þau telja að íþróttasamböndin fái frítt vinnuafli með því að kalla til sín leikmenn íþróttafélagsins í landsliðsverkefni. Margir eigendur íþróttafélaga sem og íþróttafélögin sjálf hafa mótmælt þessu fyrirkomulagi.<sup>1</sup>

Í maí síðastliðnum unnu þrjátíu þýsk handknattleiksfélög mál í Héraðsdóm Dortmund sem þau höfðu gegn þýska handknattleikssambandinu og Alþjóða handknattleikssambandinu. Málið fjallaði um hvort það stæðist samkeppnislög að íþróttasamböndin gætu kallað til sín leikmenn í landsliðsverkefni án þess að leikmennirnir væru tryggðir eða íþróttafélagunum

---

<sup>1</sup> Vefsíða Sbnation. (05.08.2014). Tom Ziller. “*The real reason Mark Cuban hates FIBA.*” Slóð: <http://www.sbnation.com/nba/2014/8/5/5970585/mark-cuban-fiba-world-cup-2014> (skoðað 24. mars 2015).



væru borgaðar réttmætar bætur vegna þátttöku þeirra. Fjallað var um málið í Morgunblaðinu<sup>2</sup> og var það kveikjan að þessu ritgerðarefni.

Í ritgerðinni verður fjallað um hvernig staðið er að því fá leikmenn í landsliðsverkefni í þremur boltaíþróttum; handknattleik, knattspyrnu og körfubolta. Skoðað verður hver munurinn er á greinunum þegar kemur að þessu málefni, þau lög og reglugerðir sem snerta málefnið, hvað flokkast undir orðið landsliðsverkefni, samningalög auk þess að fjalla um deilur sem upp hafa komið á milli íþróttafélaga og íþróttasársambanda.

Rannsóknarspurning verkefnisins er þar af leiðandi þessi:

*„Hver er staða íþróttafélaga gagnvart íþróttasársamböndum vegna þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum?“*

---

<sup>2</sup> Vefsíða Morgunblaðsins. (20.05.2014). Ívar Benediktsson. “Geta félögin útilokað leikmenn frá HM?” Slóð: [http://www.mbl.is/sport/handbolti/2014/05/20/geta\\_felogin\\_utilokad\\_leikmenn\\_fra\\_hm/](http://www.mbl.is/sport/handbolti/2014/05/20/geta_felogin_utilokad_leikmenn_fra_hm/) (skoðað 2. janúar 2015).

## 2 Aðferðafræði

Markmið ritgerðarinnar er að gefa sem skýrasta mynd af hver staða íþróttafélaga er gagnvart íþróttasársamböndum vegna þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum. Til að ná því markmiði verður notast við tvenns konar aðferðarfræði. Annars vegar er byggt á hefðbundinni lögfræðilegri aðferð<sup>3</sup> sem þýðir að ritgerðin notast við lögfræðilegar heimildar til þess að komast að niðurstöðu. Til lögfræðilegra heimilda teljast meðal annars lög, greinargerðir, dómar og reglugerðir. Einnig er byggt á heimildum frá vefsíðum, fréttamiðlum og skrifum fræðimanna um viðfangsefnið.

Hins vegar byggir ritgerðin einnig á dogmatískri aðferðarfræði. Með dogmatískri aðferðarfræði er átt við að rannsaka hvernig dómstólar beita og túlka réttarheimildir sem snerta efni ritgerðarinnar.

Takmarkanir voru þó á rannsókninni. Þá ber helst að nefna hversu lítið hefur reynt á efni ritgerðarinnar fyrir dómstólum og skortur á skriflegum heimildum um efnið. Höfundur studdi sig þar af leiðandi meira en venja er við virta fréttamiðla innan íþróttahreyfinganna, umfjallanir um efni ritgerðarinnar á vefsíðum og skrif erlendra fræðimanna um efnið.

---

<sup>3</sup> Skúli Magnússon (2003). Bls 14-15 og 166-167.

### 3 Helstu hugtök

Í þessum kafla verður fjallað um helstu hugtök sem gætu verið lesandanum óljós við lestur greinargerðarinnar. Tilgangurinn með umfjölluninni er að auðvelda lestur greinargerðarinnar og svara spurningum sem gætu vaknað. Hugtökin sem verða tekin fyrir í þessum kafla eru *íþróttafélag*, *íþróttasamband* og *landslíð*.

**Íþróttafélag** – Í íslenskri orðabók segir eftirfarandi um orðið íþróttafélag: „félag stofnað til að efla iðkun íþróttar, bæta íþróttaaðstöðu og keppa við önnur félög.”<sup>4</sup>

Samkvæmt þessari skilgreiningu mætti flokka bæði Hvöt Blönduósi og Chelsea football club sem íþróttafélög. Hjá báðum félögum eru stundaðar íþróttir, skipulagðar æfingar og þau keppa við önnur félög. Helsti munurinn á þeim er þó sá að Hvöt er hægt að flokka sem almennt félag samkvæmt félagarétti á meðan stærra knattspyrnulið á borð við Chelsea myndi flokkast sem hlutafélag, sameignarfélag eða samvinnufélag svo dæmi séu tekin.<sup>5</sup>

Hlutafélög eru rekin eins og fyrirtæki þar sem markmiðið er að ávaxta fjármuni á meðan megininkenni almennra félaga er að félagsmenn þeirra sameinast þar með ófjárhagsleg markmið. Almenn félög geta engu að síður unnið að ófjárhagslegum tilgangi með rekstri atvinnustarfsemi sem þekkist meðal annars hjá íþróttafélögum.<sup>6</sup> Svo framarlega sem félög stunda fjárhagslega starfsemi í þágu ófjárhagslegs markmiðs geta þau flokkast undir almenn félög.<sup>7</sup>

Að svo sögðu er hægt að flokka bæði Hvöt og Chelsea sem íþróttafélög, annað er annars vegar almennt félag rekið í ófjárhagslegum tilgangi á meðan hitt er hins vegar rekið í fjárhagslegum tilgangi og því líkara fyrirtæki eða stofnun.

**Íþróttasársamband** – Íþróttasársamband er samband íþróttafélaga sem stunda ákveðna íþrótt eða íþróttir. Sem dæmi um íþróttasársambönd má nefna Sundsamband Íslands sem hefur yfirumsjón með sundíþróttinni á Íslandi, Badminton samband Íslands, Blaksamband Íslands og þannig mætti lengi telja. Íþróttafélag er aðili í því íþróttasársambandi sem tilsvavar þeirri íþrótt sem það stundar. Íþróttasársambönd eiga síðan aðild að stærri samböndum, líkt og

---

<sup>4</sup> Mörður Árnason (Ritstjóri). (2002). Bls 722.

<sup>5</sup> Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). Bls 68.

<sup>6</sup> Sama heimild. Bls 69.

<sup>7</sup> Sama heimild. Bls 70.

Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, eða alþjóðlegum samböndum sem hafa þá yfirumsjón með tilheyrandi íþrótt á alþjóðavettvangi. Nánar verður fjallað um íþróttasérsambönd seinna í ritgerðinni.

**Landslið** – Í íslenskri orðabók segir eftirfarandi um orðið landslið: „lið valið til að keppa fyrir landið við annað land.”<sup>8</sup>

Landslið í íþróttum eru samansett af hæfustu einstaklingum í þeirri íþrótt sem landsliðinu er ætlað að keppa í. Landslið er valið af landsliðsþjálfara sem ráðinn er af íþróttasérsambandi þeirrar íþróttar sem um ræðir. Íþróttalandsliðum er ætlað að keppa fyrir hönd þjóðar sinnar á alþjóðavettvangi, auk þess að sjá um önnur landsliðsverkefni innan sinnar íþróttagreinar. Nánar verður fjallað um verkefni íþróttalandsliða seinna í ritgerðinni.

---

<sup>8</sup> Mörður Árnason (Ritstjóri). (2002). Bls 861.

## 4 Íþróttafélög

Íþróttafélögum ber að fara eftir þeim lögum og reglum sem þeirra íþróttasérsamband setur.<sup>9</sup> Lang stærstur hluti íþróttafélaga í landinu eru meðlimir í því íþróttasérsambandi sem þau tilheyra. Þar af leiðandi ber íþróttafélagi að fara eftir lögum og reglum íþróttasambandsins, þar á meðal reglum um að hleypa leikmönnum sínum í landsliðsverkefni.<sup>10</sup>

Íþróttafélög eru oft á tíðum rekin líkt og fyrirtæki. Þar er kosið í stjórn og stjórnin gerir samninga við yfirmenn sem sjá um að fyrirtækinu vegni vel. Fyrirtækið vill laða til sín eins hæft starfsfólk og það getur til þess að ná árangri. Þegar árangur næst er líklegra að tekið sé eftir fyrirtækinu og starfsmönnum þess. Það sem síðan skilur á milli fyrirtækis og íþróttafélags er að íþróttafélag getur lent í því að missa sitt besta íþróttafólk nokkrum sinnum á ári vegna þess að þeim er skylt að sinna verkefnum annarstaðar fyrir þá sem stjórna þeirra íþróttagrein. Á meðan borgar félagið íþróttamanninum laun þrátt fyrir að hann mæti ekki til vinnu og möguleiki er á því að hann mæti óvinnufær til baka. Nokkuð öruggt þykir að einhver fyrirtæki myndu setja sig upp á móti slíku fyrirkomulagi ef það þekktist í atvinnurekstri.

Lengi þótti það ekkert tiltökumál og ákveðin venja skapaðist í kringum það að íþróttafélög sendu sína bestu leikmenn í landsliðsverkefni nokkrum sinnum á ári. Það hefur þó breyst með tímanum og fyrir því eru ýmsar ástæður, þá sérstaklega aukin laun íþróttafólks, auk þess sem sum landsliðsverkefni eru farin að skila hagnaði til íþróttasambanda.<sup>11</sup>

Íþróttafélög gera samninga við sína íþróttamenn líkt og fyrirtæki gera samninga við sína starfsmenn.

### 4.1 Samningur íþróttamanns við íþróttafélag

Ein af meginreglum samningaréttar er sú að það ríkir samningafrelsi. Það þýðir að samningsaðilum er heimilt að semja um hvað sem er svo lengi sem það gangi ekki gegn ófrávíkjanlegum réttarreglum eða almennu velsæmi. Regluna er ekki að finna í

---

<sup>9</sup> *Lög knattspyrnusambands Íslands*. 4.1. gr. og sambærilegar greinar hjá öðrum íþróttasérsamböndum. 2007. Slóð: <http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/logksi/LOG-KNATTSPYRNUSAMBANDS-ISLANDS-februar-2014.pdf> (skoðað 15. mars 2015).

<sup>10</sup> Sama heimild. Grein 5.2.

<sup>11</sup> Um það er fjallað nánar í kafla 6.2

samningalögunum en ekki leikur vafi á því að hún sé í gildi.<sup>12</sup> Það leiðir til þess að samningar íþróttamanna eru háðir reglum íþróttasambandana sem íþróttafélögin tilheyra og almennum reglum um samningarétt.

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir „KSÍ”) gefur út reglugerð um félagsskipti, samninga og stöðu félaga og leikmanna.<sup>13</sup> Reglugerðin fjallar meðal annars um hvernig skuli standa að samningum hjá aðildarfélögum KSÍ, hverjar skyldur íþróttamannsins eru, hverjar skyldur íþróttafélagsins eru, auk almennra ákvæða sem mælt er með að hafa í samningum. Aftast í reglugerðinni er síðan að finna staðalsamning KSÍ.<sup>14</sup>

Í g. lið í skyldum leikmanna í staðalsamningnum segir eftirfarandi um landsliðsverkefni: „Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfa eða sýna knattspyrnu á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í verkefnum á vegum KSÍ, sbr. reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum.”<sup>15</sup>

Sambærileg ákvæði má finna í stöðluðum samningum hjá Korfuknattleikssambandi Íslands (hér eftir „KKÍ”) í reglugerð um leikmannasamninga.<sup>16</sup>

Í ákvæði 14.3 í áðurnefndri reglugerð KSÍ segir að samningar sem gerðir eru á milli leikmanna og íþróttafélaga skuli innihalda þau staðalákvæði sem kveða á um skyldur félaga og leikmanna. Undir það fellur áðurnefndur g. liður.

Handknattleikssamband Íslands (hér eftir „HSÍ”) hefur sett sambærileg ákvæði í reglugerð sína um félagaskipti, leikmannasamninga ofl.<sup>17</sup> Þar segir að HSÍ skuli útvega félögum form að leikmannasamningum og séu samningarnir einungis gildir fylgi þeir algjörlega því formi.

Í þessu samningsformi má finna ákvæði sem er samhljóðandi áðurnefndum g. lið í skyldum leikmanna í staðalsamningnum KSÍ.

---

<sup>12</sup> Páll Sigurðsson. (2004). Bls 23-25.

<sup>13</sup> *Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga*. KSÍ. 2007. Slóð: <http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/reglugerdir/April-2015-Reglugerd-KSI-um-felagaskipti-samninga-og-stodu-leikmanna-og-felaga.pdf> (skoðað 20. mars 2015).

<sup>14</sup> Sama heimild. Bls 17.

<sup>15</sup> Sama heimild. Bls 17.

<sup>16</sup> *Reglugerð KKÍ um leikmannasamninga*. KKÍ. Slóð: <http://www.kki.is/reglugerdir.asp?reglugerd=5> (skoðað 21. mars 2015).

<sup>17</sup> *Reglugerð HSÍ um félagaskipti, leikmannasamninga ofl*. HSÍ. 2012. Slóð: <http://hsi.is/library/Skrar/Um-HSi/Log-og-reglugerdir/3778-1.pdf> (skoðað 24. mars 2015).

Þetta ákvæði gerir það að verkum að knattspyrnu og handknattleiksfélögum er ekki heimilt að setja í samninga milli sín og leikmanns hömlur þegar kemur að landsliðsverkefnum. Félögunum er ekki heimilt að setja í samning milli sín og knattspyrnumanns að honum sé ekki heimilt að taka þátt í landsliðsverkefnum fyrir sína þjóð á meðan hann er samningsbundinn íþróttafélaginu. Ekki skiptir máli hvaða kyn eða frá hvaða landi viðsemjandinn er. Samningsfrelsi íþróttafélaga er því ekki algjört og eru hendur þeirra bundnar varðandi landsliðsmálefni þegar sest er við samningaborðið.

Hvergi er komið inná það hjá KKÍ að félög séu skyldug til að fara nákvæmlega eftir þeim stöðluðu leikmannasamningum sem þeir hafa sett fram. Sú hefð hefur þó skapast að flest öll félög innan KKÍ notast við samninginn þegar kemur að því að semja við leikmenn. Höfundur ritgerðarinnar veit ekki um dæmi þar sem staðlaði samningurinn hafi ekki verið notaður.<sup>18</sup>

Íþróttasársambönd og alþjóðasambönd þeirra vinnu eftir fleiri lögum og reglugerðum varðandi landsliðsverkefni sem mikilvægt er að skoða.

---

<sup>18</sup> Höfundur hefur lesið yfir tug samninga milli íþróttamanna og körfuknattleiksfélaga.

## 5 Íþróttasársambönd

Á Íslandi eru margar mismunandi íþróttir stundaðar í skipulögðu umhverfi íþróttafélaga landsins. Fyrir hverja íþrótt er ávallt samband sem hefur yfirumsjón með skipulagi íþróttarinnar í landinu, býr til reglur sem snúa að keppnishaldi, umgjörð, þjálfun og öðru slíku svo allt gangi sem best fyrir sig. Þessi aðili er síðan í langflestum tilfellum hluti af alþjóðlegu sambandi sem hefur yfirumsjón með leikreglum, keppnum milli landsliða og öðru sem við kemur íþróttinni. Gangi íslenska íþróttasambandið inn í alþjóðasamband sinnar íþróttagreinar ber því að fara alfarið eftir lögum og reglum þess.<sup>19</sup> Það sem sérstaklega verður skoðað í þessum kafla eru reglur og lög varðandi landsliðsverkefni þriggja íslenskra sársambanda og þeirra alþjóðasambanda sem þau tilheyra. Lög og reglugerðir íþróttasársambandanna sem er fjallað um hér er hægt að nota fyrir dómi sem réttarheimild.

### 5.1 Handknattleikssamband Íslands

Handknattleikssamband Íslands var stofnað 11. júní 1957.<sup>20</sup> HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og hefur að gegna ýmsum hlutverkum, svo sem að vinna að eflingu handknattleiks í landinu, að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur, auk þess að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegum keppnum. Öll íslensk íþróttafélög sem reka handknattleiksdeild og taka þátt í opinberum keppnum á vegum sambandsins eru aðilar að HSÍ og skuldbinda sig til að fara eftir lögum og reglugerðum þeirra.<sup>21</sup>

HSÍ starfrækir landsliðsnefndir karla og kvenna sem starfa eftir reglum sem settar eru af sambandinu. Nefndunum er ætlað að hafa umsjón með landsliðum Íslands í handknattleik, skipuleggja undirbúning, annast samskipti við starfsmenn og leikmenn landsliða, auk þess að vera í forsvari fyrir landsliðshópa á vegum HSÍ.<sup>22</sup>

Að öðru leyti er ekki fjallað um landslið Íslands eða hvernig skuli haga málum þegar leikmenn eru boðaðir í landsliðsverkefni. HSÍ er meðlimur í

---

<sup>19</sup> *II. Legal provisions.* IHF. 2011. Slóð:

[http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0\\_02%20-%20Legal%20Provisions\\_GB.pdf](http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0_02%20-%20Legal%20Provisions_GB.pdf) (skoðað 12. apríl 2015). Auk annara sambærilegra laga hjá FIBA og FIFA.

<sup>20</sup> Steinar J. Lúðvíksson. (2012). “*Saga handknattleiks á Íslandi 1920-2010.*”

<sup>21</sup> *Lög Handknattleikssambands Íslands.* HSÍ. 2008. Slóð: <http://hsi.is/library/Skrar/Um-HSi/Log-og-reglugerdir/Log-HSi/L%C3%B6g%20HS%C3%8D.pdf> (skoðað 2. apríl 2015).

<sup>22</sup> *Starfsreglur landsliðsnefndar kvenna.* HSÍ. 2009. Slóð: <http://hsi.is/library/Skrar/Um-HSi/Nefndir-og-domstolar/Starfsreglur-nefnda/3776-0.pdf> (skoðað 2. apríl 2015).



Alþjóðahandknattleikssambandinu (hér eftir „IHF”) og er þar með skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem það hefur sett.<sup>23</sup> Þar má finna ákvæði sem fjalla um landsliðsverkefni og hverjar skyldur íþróttafélaga eru gagnvart þeim.

### 5.1.1 IHF (International handball federation)

Alþjóðahandknattleikssambandið eða IHF var stofnað árið 1946. Sambandinu er ætlað að halda utan um regluverk handboltaíþróttarinnar, sameina handboltasambönd heimsins auk þess að stuðla að útbreiðslu íþróttarinnar. Fjörutíu og fimm heimsmeistaramót hafa verið haldin í íþróttinni<sup>24</sup> og keppt hefur verið í handknattleik á Ólympíuleikunum frá því árið 1972.<sup>25</sup> Eitthundrað sjötíu og fjögur handknattleikssambönd eiga aðild að IHF.<sup>26</sup> Í handknattleik eru álfukeppnir haldnar á tveggja ára fresti, ávallt á sléttu ártali og heimsmeistaramót á tveggja ára fresti, ávallt á oddatölu. Það þýðir að fjöldi landsliðsverkefna er mikill og leikmenn eru ósjaldan kallaðir frá félagsliðum sínum í slík verkefni.

IHF hefur gefið út reglugerð um gjaldgengi leikmanna<sup>27</sup> sem síðast var uppfærð þann 8. júlí 2014, en reglugerðin fjallar meðal annars um hvernig skuli standa að því að fá leikmenn í landsliðsverkefni.

Í 7. gr. áðurnefndar reglugerðar er fjallað um reglur sem skylda félög til að hleypa leikmönnum sínum í landsliðsverkefni.<sup>28</sup> Þar segir að ef íþróttafélag hafi gert samning við erlendan leikmann skal sleppa honum til síns íþróttasambands sé hann valinn til að taka þátt í landsliðsverkefni. Leikmaðurinn skal yfirgefa íþróttafélag sitt fimmtán dögum fyrir fyrsta leik ef honum er ætlað að taka þátt í stórmóti. Sé um staka leiki að ræða skal félagið sleppa leikmanninum að minnsta kosti tveimur dögum fyrir leikdag. Leikmaðurinn skal ávallt snúa til baka einum degi eftir að seinasti leikur landsliðsverkefnisins hefur farið fram.

Í gr. 7.2. segir að íþróttafélag sem sleppir leikmanni í landsliðsverkefni eigi ekki rétt á bótum. Í gr. 7.2.1. er tekið fram að IHF borgi íþróttasamböndum sem keppa á Heimsmeistaramóti og

---

<sup>23</sup> *II. Legal provisions.* IHF. 2011. Slóð:

[http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0\\_02%20-%20Legal%20Provisions\\_GB.pdf](http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0_02%20-%20Legal%20Provisions_GB.pdf) (skoðað 12. apríl 2015).

<sup>24</sup> 24 karla og 21 kvenna.

<sup>25</sup> Vefsíða the Olympic Movement. “*International handball federation*”. Slóð:

<http://www.olympic.org/ihf> (skoðað 14. mars 2015).

<sup>26</sup> Vefsíða International handball federation. “*Member Federations*”. Slóð:

<http://www.ihf.info/TheIHF/MemberFederations/tabid/161/Default.aspx> (skoðað 10. apríl. 2015)

<sup>27</sup> *Player eligibility code.*

<sup>28</sup> *Player release rules.*

Ólympíuleikum svokallað lausnarfé<sup>29</sup> sem áætlað er að renni til þeirra handknattleikslíða sem senda leikmenn á mótin. Lausnarféinu er ætlað að bæta upp óþægindi liðanna vegna fráhvarfs leikmanna á meðan mótunum stendur. Upphæðin sem samböndin fá er ákveðin af stjórn IHF og er hún tilkynnd sérstaklega fyrir hvert mót.<sup>30</sup>

Íþróttasambandið sem kallar leikmanninn í landsliðsverkefnið greiðir ferðakostnað leikmannsins. Í tilviki íslenska handknattleikslandsliðsins væri það HSÍ.

Í gr. 7.3.2. segir að það íþróttafélag sem leikmaður er sammingsbundinn sé ábyrgt fyrir tryggingum á meiðslum á meðan leikmaðurinn er í landsliðsverkefni. Meiðist eða veikist leikmaður þó á Ólympíuleikum eða Heimsmeistaramóti greiðir IHF íþróttafélagi leikmannsins bætur. Bæturnar greiðast einungis sé leikmaðurinn óleikhæfur í fjórtán daga eða lengur, en bætur fást greiddar í hámark níutíu daga. Upphæð bótanna er ákveðin sérstaklega fyrir hvert mót.<sup>31</sup>

Öllum aðildarsamböndum IHF er ætlað að fara eftir þeirra lögum og reglugerðum samkvæmt 2. málslíð, kafla 1.1 í lagaákvæðum IHF.<sup>32</sup> Þar af leiðandi ber HSÍ og íslenskum handknattleiksfélögum að fara eftir áður nefndri reglugerð.

## 5.2 Knattspyrnusamband Íslands

Knattspyrnusamband Íslands var stofnað 26. mars 1947.<sup>33</sup> KSÍ er samband héraðssambanda og íþróttafélaga innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (hér eftir „ÍSí”) sem iðka og keppa í knattspyrnu. Hlutverk KSÍ er meðal annars að hafa yfirumsjón með íslenskri knattspyrnu og að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og sjá um að þeim sé framfylgt.

---

<sup>29</sup> *Releasing fee*

<sup>30</sup> Fjallað er um upphæðir þessara skaðabóta í kafla 6.1.

<sup>31</sup> *III. Player Eligibility code*. IHF. 2014. Slóð:

[http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0\\_03%20-%20player%20eligibility\\_GB.pdf](http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0_03%20-%20player%20eligibility_GB.pdf) (skoðað 26. mars 2015).

<sup>32</sup> *II. Legal provisions*. IHF. 2011. Slóð:

[http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0\\_02%20-%20Legal%20Provisions\\_GB.pdf](http://www.ihf.info/files/Uploads/NewsAttachments/0_02%20-%20Legal%20Provisions_GB.pdf) (skoðað 12. apríl 2015).

<sup>33</sup> Vefsíða KSÍ. (e.d.). “Um KSÍ”. Slóð: <http://www.ksi.is/um-ksi> (skoðað 5. apríl 2015).

KSÍ er ætlað að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi og að tefla fram landsliðum og knattspyrnufélögum í alþjóðlegum keppnum.<sup>34</sup>

KSÍ er aðili að Knattspyrnusambandi Evrópu (hér eftir „UEFA”) og Alþjóðaknattspyrnusambandinu (hér eftir „FIFA”). Í 3.3. gr. laga knattspyrnusambands Íslands kemur fram að KSÍ og aðildarfélög þess skuli hlíta valdi FIFA og UEFA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða. KSÍ skal einnig vera bundið af ákvörðunum FIFA og UEFA um alþjóðlega landsleikjadaga.<sup>35</sup>

Aðildarfélögum KSÍ er skylt að virða ákvarðanir, lög, reglugerðir og reglur sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.<sup>36</sup>

Reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðverkefnum, sem samþykkt var af stjórn KSÍ árið 2007, fjallar um skipulagningu og skyldur félaga gagnvart leikmönnum sínum þegar þeir eru boðaðir til æfinga eða kappleikja með landsliði Íslands í knattspyrnu.<sup>37</sup>

Í reglugerðinni segir í gr. 1.1. „*Félög skulu ávallt heimila leikmönnum sínum þátttöku í landsleikjum. KSÍ skal tilkynna viðkomandi félögum val á leikmönnum í landslið og skulu félögin tilkynna leikmönnum sínum valið.*”

Í 2. gr. reglugerðarinnar er svo fjallað um þátttöku í æfingum og æfingaleikjum á vegum KSÍ. Farið er yfir hversu margar helgar í mánuði hvert félagslið skal heimila leikmanni sínum þátttöku í æfingu eða æfingaleikjum undir stjórn landsliðsþjálfara.

Í gr. 2.2. segir meðal annars: „*Þá skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum landsliðs síðustu 4 dagana fyrir landsleik og hafi landslið komist áfram eftir riðlakeppni EM eða HM skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í sérstökum undirbúningsæfingum.*”

Brjótí íþróttafélag sem er aðili að KSÍ gegn lögum eða reglugerðum sambandsins getur stjórn KSÍ vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Þegar niðurstaða er komin frá aga- og úrskurðarnefnd er hægt að vísa máli til áfrýjunardómstóls KSÍ. Ákvarðanir

---

<sup>34</sup> Lög knattspyrnusambands Íslands. 2. gr. KSÍ. 2007. Slóð: <http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/logksi/LOG-KNATTSPYRNUSAMBANDS-ISLANDS-februar-2014.pdf> (skoðað 15. mars 2015).

<sup>35</sup> Sama heimild. Gr. 3.3.

<sup>36</sup> Sama heimild. Gr. 5.2

<sup>37</sup> Reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum. KSÍ. 2007. Slóð: [http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/reglugerdir/Reglugerd\\_KSI\\_um\\_tatttöku\\_leikmanna\\_i\\_landslidsverkefnum\\_januar-2011.pdf](http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/reglugerdir/Reglugerd_KSI_um_tatttöku_leikmanna_i_landslidsverkefnum_januar-2011.pdf) (skoðað 16. mars 2015).

áfrýjunardómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila en þeim er þó heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ í þeim málum sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.<sup>38</sup>

Í reglugerðinni kemur skýrlega fram hver skylda íþróttafélaga, sem eiga afburða knattspyrnumenn, er gagnvart landsliðsverkefnum KSÍ. Það kemur þó hvergi fram hvernig sé staðið að launakostnaði, sjúkratryggingum, ferðakostnaði eða öðru tilfallandi vegna verkefnisins.

### 5.2.1 FIFA (Fédération Internationale de Football Association)

Alþjóðaknattspyrnusambandið eða FIFA var stofnað árið 1904 af sjö þjóðum sem töldu að þörf væri á alþjóðasamtökum sem myndu hafa yfirumsjón með knattspyrnuíþróttinni.<sup>39</sup> Verkefni FIFA eru margþætt en meðal verkefna sem sambandið hefur umsjón með er að búa til regluverk knattspyrnunnar, skipuleggja heimsmeistaramót karla, kvenna og yngri landsliða, auk þess að stuðla að útbreiðslu íþróttarinnar. Í dag eru tvö hundruð og níu íþróttasambönd aðilar að FIFA. FIFA hefur haldið tuttugu og sex heimsmeistaramót A-landsliða<sup>40</sup> í knattspyrnu og keppt hefur verið í knattspyrnu á Ólympíuleikunum frá því árið 1900.<sup>41</sup> Landslið og landsleikir hafa alltaf spilað stórt hlutverk í alþjóða knattspyrnu og því er ekki komið að tómunum kofanum þegar reglugerðir og reglur um þessi málefni eru skoðuð.

Fyrst má nefna reglugerð sem fjallar um stöðu og flutning leikmanna frá árinu 2014.<sup>42</sup> Þar er fjallað um hvernig skuli standa að því að hleypa leikmönnum til landsliða.<sup>43</sup> Í fyrsta kafla fyrsta viðauka er fjallað um að íþróttalið eru skyldug til þess að hleypa leikmönnum sínum í landsliðsverkefni sem þeir eru boðaðir í. Ekki er heimilt að félag og leikmaður semji um annað sín á milli. FIFA skipuleggur landsliðsvikur þegar landsleikir skulu fara fram. Séu leikmenn boðaðir í landsleiki í þeirri viku skulu þeir mæta til síns sérsambands á mánudegi og skila sér aftur til síns íþróttafélags á miðvikudegi í vikunni þar á eftir. Þetta á þó ekki við um

<sup>38</sup> *Lög knattspyrnusambands Íslands*. X. kafli. KSÍ. 2007. Slóð:  
<http://www.ksi.is/media/logogreglugerdir/logksi/LOG-KNATTSPYRNUSAMBANDS-ISLANDS-februar-2014.pdf> (skoðað 15. mars 2015).

<sup>39</sup> Vefsíða FIFA. (e.d.). “*History of FIFA – Foundation.*” Slóð:  
<http://www.fifa.com/classicfootball/history/fifa/foundation.html> (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>40</sup> 20 karla og 6 kvenna.

<sup>41</sup> Fyrir utan árið 1932 þar sem íþróttinni var skipt út fyrir Amerískan fótbolta.

<sup>42</sup> FIFA Regulations on the Status and Transfer of Players. FIFA. 2014. Slóð:  
[http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/95/83/85/regulationsstatusandtransfer\\_2014\\_e\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/95/83/85/regulationsstatusandtransfer_2014_e_neutral.pdf) (skoðað 19. mars 2015).

<sup>43</sup> *Release of players to association teams.*

stórmót líkt og Evrópumót eða Heimsmeistaramót. Íþróttafélögunum og íþróttasamböndunum er frjálst að semja sín á milli um að leikmaðurinn eyði lengri tíma hjá íþróttasambandinu.

Annar kafli fyrsta viðauka um að hleypta leikmönnum til landsliða<sup>44</sup> fjallar um fjárhagslegu hliðina á málinu. Þar segir að félög sem láta frá sér leikmenn í landsliðsverkefni eigi ekki rétt á peningagreiðslum vegna þess. Þrátt fyrir það hefur FIFA greitt knattspyrnufélögum sem eiga leikmenn á stórmótum skaðabætur vegna þátttöku þeirra. Íþróttasambandið sem kallaði leikmanninn í landsliðsverkefni skal borga allan ferðakostnað leikmannsins, bæði til og frá sínum dvalarstað. Íþróttafélagið skal ábyrgjast tryggingar leikmannsins gagnvart veikindum eða slysum á meðan hann er í landsliðsverkefni. Í 4. gr. 2. kafla fyrsta viðauka er hinsvegar fjallað um að ef karlkyns atvinnumaður í knattspyrnu meiðist alvarlega í landsliðsverkefni ber FIFA að greiða íþróttafélaginu bætur sem nánar er fjallað um í áætlun FIFA um vernd knattspyrnufélaga<sup>45</sup> sem fjallað er um í kafla 5.2.1.1 ritgerðarinnar.

Allar þessar reglur eiga við landsleiki sem eru settir á alþjóðlega landsleikjadaga FIFA eða eru hluti af stórmóti. Knattspyrnufélag á rétt á því að neita íþróttasambandi um þátttöku leikmanns sé hann kallaður í landsliðsverkefni utan þess tíma. Sem dæmi um þetta má nefna vináttulandsleiki sem haldnir voru milli Íslands og Kanada í janúar 2015 þar sem nokkur erlend íþróttafélög neituðu að hleypa íslenskum leikmönnum sínum í landsliðsverkefnið.<sup>46</sup>

#### **5.2.1.1 Skipulagsáætlun FIFA um vernd knattspyrnufélaga**

Skipulagsáætlun FIFA um vernd knattspyrnufélaga var samþykkt af FIFA árið 2012 og er ætlað að auðvelda íþróttafélögum að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni. Áætlunin varnar íþróttafélögum því að verða fyrir miklu fjárhagslegu tapi ef leikmaður meiðist í verkefninu. Þrátt fyrir að leikmaður verði fyrir meiðslum þarf íþróttafélagið enn að greiða honum laun samkvæmt samningi hans en, samkvæmt þessari áætlun greiðir FIFA félaginu bætur ef leikmaðurinn meiðist í viðurkenndu landsliðsverkefni af FIFA. Áætlunin segir til um að greiddar séu bætur vegna allra meiðsla sem endast lengur en tuttugu og átta daga í röð. Ófyrirséðir hlutir eru þó ekki bættir, til dæmis veikindi, skyndilegt stríðsástand eða flugslys.<sup>47</sup>

---

<sup>44</sup> *Release of players to association teams.*

<sup>45</sup> *FIFA Club Protection Programme.*

<sup>46</sup> Vefsíða Sport.is. (09.01.2015). Þór Símon Hafþórsson. “Hópurinn fyrir leikina gegn Kanada – Elías Már og Hólmber valdir.” Slóð: <http://sport.moi.is/fotbolti/2015/01/09/hopurinn-fyrir-leikina-gegn-kanada-elias-mar-og-holmbert-valdir/> (skoðað 21. mars 2015).

<sup>47</sup> *FIFA technical Bulletin Club Protection Programme.* 2. kafli. FIFA. 2012. Slóð: <http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/64/76/90/technicalbulletinmitcirculare.pdf> (skoðað 22. mars 2015).

Upphæð bóta sem íþróttafélaginu eru greiddar reiknast út frá þeim launum sem íþróttafélagið borgar knattspyrnumanninum. Bætur eru greiddar þangað til leikmanninum hefur batnað og hefur hafið æfingar með aðalliði íþróttafélagsins. Bætur eru að hámarki greiddar í 365 daga.<sup>48</sup>

Nú þegar hafa verið greiddar bætur til margra knattspyrnuliða vegna meiðsla sem leikmenn þeirra hafa hlotið í landsleikjum. Til að mynda fékk knattspyrnufélagið Real Madrid greiddar tvær milljónir evra vegna meiðsla sem leikmaður þeirra Sami Khedira varð fyrir í landsleik með Þýskalandi. Khedira var frá keppni í sex mánuði og greiddi FIFA laun hans frá tuttugasta og níunda degi meiðslana þangað til hann hóf æfingar aftur sex mánuðum seinna.<sup>49</sup>

Fyrst var áætlunin einungis til þriggja ára en þann 9. janúar síðastliðinn var hún framlengd til ársins 2018 og nær nú einnig yfir kvenkyns atvinnumenn í knattspyrnu. Að öðru leyti var áætluninni lítið sem ekkert breytt.<sup>50</sup>

### 5.3 Korfuknattleikssamband Íslands

Korfuknattleikssamband Íslands var stofnað 29. janúar 1961 og er æðsti aðili um öll korfuknattleiksmál innan vébanda ÍSÍ.<sup>51</sup> Starf KKÍ er í meginatriðum að hafa yfirstjórn á öllum íslenskum korfuknattleiksmálum, að vinna að eflingu korfuknattleiks á Íslandi auk þess að vera fulltrúi Íslands í Alþjóðakorfuknattleikssambandinu og Korfuknattleikssambandi Evrópu.<sup>52</sup> Öll íþróttafélög sem reka korfuknattleiksdeild á Íslandi og keppa í mótum KKÍ eru hluti af KKÍ og fara eftir þeirra lögum og reglugerðum. KKÍ rekur og heldur utan um íslenska korfuknattleikslandsliðið.

Í skjölum KKÍ er að finna afreksstefnu sem fjallar um málefni bæði yngri landsliða og A-landsliða. Þar má lesa hvenær líklegt sé að landsliðin muni æfa, hvaða skyldum KKÍ ber að

---

<sup>48</sup> Sama heimild. 2. kafli.

<sup>49</sup> Vefsíða Inside Spanish Football. (16.11.2013) Tom Conn. “*Real Madrid receive €2 million in compensation from FIFA for Khedira injury.*” Slóð: <http://www.insidespanishfootball.com/87156/real-madrid-receive-e2-million-in-compensation-from-fifa-for-khedira-injury/> (skoðað 23. mars 2015).

Fjallað var um málið í fleiri fréttamiðlum.

<sup>50</sup> Vefsíða FIFA. (09.01.2015). Markus Kattner. “*FIFA Club Protection Programme 2015-2018.*” Slóð: [http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/50/61/52/circularno.1466-fifaclubprotectionprogramme2015-2018\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/50/61/52/circularno.1466-fifaclubprotectionprogramme2015-2018_neutral.pdf) (skoðað 23. mars 2015).

<sup>51</sup> Vefsíða KKÍ. (e.d.). “*Um Korfuknattleikssamband Íslands*”. Slóð: <http://www.kki.is/umkki.asp> (skoðað 22. mars 2015).

<sup>52</sup> *Lög Korfuknattleikssambands Íslands*. KKÍ. Slóð: <http://kki.is/log.asp> (skoðað 27. mars 2015).

sinna og hvernig framkvæmd landsliðsverkefna skal fara fram. Æfingar yngri landsliða eru skipulagðar um sumar og í kringum jól og páska. A-landsliðs æfingar skulu fara fram á tímabilinu febrúar til nóvember.<sup>53</sup>

Ekki er fjallað um aðkomu íþróttafélaga eða hverjar skyldur þeirra eru gagnvart landsliðsverkefnum KKÍ í afreksstefnunni. Engin sérstök landsliðsnefnd er starfandi á vegum KKÍ. Ekki er fleira að finna í lögum eða reglugerðum sambandsins vegna landsliðs eða landsliðsverkefna.

KKÍ er aðili að Fédération Internationale de Basketball (hér eftir „FIBA”) sem er viðurkennt sem æðsta samband körfuknattleiks í heiminum.

### 5.3.1 FIBA (Fédération Internationale de Basketball)

Alþjóðakörfuknattleikssambandið eða FIBA var stofnað árið 1932 af átta þjóðum með það takmark að hjálpa körfuknattleik að vaxa á alþjóða vettvangi, standa fyrir alþjóðlegum mót og halda utan um helsta regluverk íþróttarinnar.<sup>54</sup> Síðan þá hafa verið haldin þrjátíu og fjögur heimsmeistaramót<sup>55</sup> og keppt hefur verið í körfuknattleik sautján sinnum á Ólympíuleikunum. Í dag eru tvö hundruð og fimmtán íþróttasambönd aðilar af FIBA.<sup>56</sup>

FIBA setur reglur um landslið og stórmót sem aðildarsambönd þeirra eiga að fylgja. Þar má finna greinar sem snerta landsliðsverkefni og hverjar skyldur félaga og íþróttasambanda eru. Þar má helst nefna greinar 3-78 til 3-96 í reglugerð um stöðu og flutning leikmanna.<sup>57</sup> Þar kemur fram að ef félag gerir samning við leikmann er þeim skylt að hleypa leikmanninum í landsleiki með sinni þjóð, sama á hvaða aldri hann er. Óskín um að nota leikmanninn í landsliðsverkefni verður þó að berast að minnsta kosti þrjátíu dögum fyrir þann dag sem landsliðsverkefnið á að hefjast. Leikmaðurinn á að vera aðgengilegur landsliðinu sjöttíu og tveim klukkutímum fyrir leiki í undankeppni og fjórtán dögum fyrir leiki í opinberu stórmóti. Leikmaðurinn skal hafa leyfi til að snúa aftur til síns íþróttafélags sólarhring frá því að

---

<sup>53</sup> Afreksstefna KKÍ. KKÍ. 2013. Slóð: [http://www.kki.is/skjol/Afrekstefna\\_KKI\\_2014.pdf](http://www.kki.is/skjol/Afrekstefna_KKI_2014.pdf) (skoðað 28. mars 2015).

<sup>54</sup> Vefsíða FIBA. (e.d.). “FIBA History.” Slóð: <http://www.fiba.com/pages/eng/fc/FIBA/fibaHist/p/openNodeIDs/5683/selectNodeID/5683/fibaHist.html> (skoðað 27. mars).

<sup>55</sup> 17 karla og 17 kvenna.

<sup>56</sup> Vefsíða FIBA. (13.03.2015). “Kosovo becomes 215th National Member Federation of FIBA”. Slóð: <http://www.fiba.com/news/kosovo-becomes-215th-national-member-federation-of-fiba> (skoðað 29. mars 2015)

<sup>57</sup> FIBA Regulations on the status and transfer of players. FIBA. 2012. Slóð: <http://www.fiba.com/downloads/Regulations/2012/FIBABook3AG.pdf> (skoðað 29. mars 2015).



seinasti leikurinn var spilaður. Þessar reglur eiga þó einungis við þegar landsliðsverkefni eiga sér stað á miðju keppnistímabili hjá íþróttafélaginu. Að öðru leyti getur sérsambandið samið við félagið um þessar tímasetningar innan skynsamlegs ramma. Haldi leikmaður því fram að hann geti ekki tekið þátt í landsliðsverkefni vegna meiðsla eða veikinda áskilur íþróttasambandið sér þann rétt að velja lækni til að gera læknisskoðun á leikmanninum til að skoða ástand hans og úrskurða hvort hann sé leikhæfur eða ekki.

Í gr. 3-87 segir að íþróttafélag eigi ekki rétt á neinum greiðslum frá íþróttasambandinu á því tímabili sem leikmaðurinn er að sinna landsliðsverkefnum. Ferðakostnaður greiðist þó af íþróttasambandinu líkt og kemur fram í gr. 3-88. Íþróttafélagið sem leikmaðurinn er samningsbundinn er ábyrgt fyrir því að borga tryggingakostnað leikmanns ef hann meiðist eða veikist í landsliðsverkefni.

Þessum reglum ber þeim körfuknattleikssamböndum að fara eftir sem eru hluti af alþjóða körfuknattleikssambandinu.<sup>58</sup>

---

<sup>58</sup> *Internal regulations 2010 – Book 1*. 20. gr. FIBA. 2010. Slóð:  
<http://www.fiba.com/downloads/Regulations/2012/FIBABook1AG.pdf> (skoðað 29. mars 2015).



## 6 Landsliðsverkefni

Það er draumur margra íþróttamanna að vera boðaðir í landsliðsverkefni og fá að spila fyrir þjóð sína í kappleik gegn öðrum þjóðum. Landsliðsverkefni geta verið mjög misjöfn.

**Landsliðsæfingar** – Leikmenn geta verið boðaðir á landsliðsæfingar án þess að taka nokkurntíman þátt í landsleik. Slíkar æfingar flokkast engu að síður undir landsliðsverkefni og eru leikmenn teknir frá íþróttafélögum sínum á meðan. Á landsliðsæfingum eru leikmenn þjálfaðir af landsliðsþjálfara með öðrum leikmönnum sem boðaðir hafa verið á æfinguna.

**Vináttulandsleikir** – Það eru til tvær tegundir af vináttulandsleikjum, annars vegar þeir sem fara fram á opinberum landsleikjadögum og hins vegar þeir sem fara fram utan þeirra dagsetninga.<sup>59</sup> Vináttulandsleikir geta átt sér stað hvenær sem er á árinu, bæði á meðan keppnistímabil stendur og á meðan undirbúningstímabil<sup>60</sup> stendur yfir. Vináttulandsleikir geta átt sér stað hvar sem er, sem dæmi gæti Ísland og Þýskaland (með samþykki gestgjafa) tekið þá ákvörðun að spila vináttulandsleik í Brasilíu, en það er þó sjaldgæft að slíkt sé gert. Vináttulandsleikir eiga sér stað í öllum umtöluðum íþróttagreinum þessarar greinagerðar.

**Undankeppnir stórmóta** – Flest landslið hafa það markmið að komast á stórmót í sinni íþróttagrein. Til þess að komast á stórmót þarf að fara í gegnum svokallaða undankeppni. Undankeppnir eru mismunandi eftir íþróttagreinum og heimsálfum. Undankeppnir stórmóta í knattspyrnu eru spilaðar yfir langt tímabil þar sem spilaðir eru einn til tveir leikir í hverri landsliðsviku. Landsliðunum er skipt niður í riðla og þau lið sem standa sig best í riðlakeppninni fá þátttökurétt á stórmóti.<sup>61</sup> Svipaða sögu er að segja um undankeppnir fyrir stórmót í handknattleik. Í körfuknattleik tekur undankeppnin um það bil þrjár vikur. Landsliðunum er skipt í riðla og keppa innbyrðis í riðlinum á þessum þremur vikum. Sigurvegarar riðlanna fá síðan þátttökurétt á stórmóti. Undankeppnir stórmóta í körfuknattleik fara aldrei fram á meðan keppnistímabil stendur yfir. Það gerir það að verkum að íþróttafélög verða ekki fyrir jafn miklum skakkaföllum nema að leikmaður meiðist alvarlega í

---

<sup>59</sup> Sem dæmi má benda á umfjöllun um landsliðsvikur FIFA sem fjallað var um í kafla 5.2.1

<sup>60</sup> Undirbúningstímabil eru sá tími sem ekki eru skipulagðir kappleikir af íþróttasársamböndum, oftast frá því að seinasti leikur á keppnistímabili klárast þangað til sá fyrsti á næsta keppnistímabili hefst.

<sup>61</sup> Vefsíða UEFA. (e.d.) “*Competition format.*” Slóð:

<http://www.uefa.com/worldcup/season=2014/competitionformat/> (skoðað 1. apríl 2015).

landsliðsverkefninu. Nýlega voru þó kynntar hugmyndir um að breyta fyrirkomulaginu til að líkjast því sem þekkist bæði í handknattleik og knattspyrnu.<sup>62</sup>

**Stórmót (Ólympíuleikar, Evrópumót og heimsmeistaramót)** – Í knattspyrnu og körfuknattleik eru haldin heimsmeistaramót og Evrópumót á fjögurra ára fresti. Mótin standa yfir í um það bil þrjár til fjórar vikur og eru haldin utan keppnistímabils stærstu deilda í heimi. Undirbúningur liða fyrir slík mót er misjafn eftir liðum en í flestum tilfellum eru landsliðshóparnir komnir saman nokkrum vikum fyrir mót.

Heimsmeistaramót og Evrópumót í handknattleik eru haldin á tveggja ára fresti. Mótin eru í flestum tilfellum haldin í janúar sem er á miðju keppnistímabili í stærstu deildum heims. Mótið stendur yfir í um það bil þrjár vikur. Undirbúningur landsliðanna hefst hjá flestum landsliðunum tveimur til þremur vikum fyrir mót.

Leikmennirnir sem kallaðir eru í áðurnefnd landsliðsverkefni, að minnsta kosti í þeim þrem íþróttum sem teknar eru fyrir í þessari ritgerð, eru langflestir atvinnumenn í sinni íþróttagrein. Leikmennirnir fá borgað frá sínum íþróttafélögum fyrir að mæta á æfingar, spila keppnisleiki og taka þátt í samfélagsviðburðum íþróttafélaganna svo eitthvað sé nefnt. Það er því ekki óskastaða fyrir félög að þurfa að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni sem þessi.

## **6.1 Kostir og gallar fyrir íþróttafélög á því að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni**

Leikmenn eru gífurlega mikilvægir íþróttafélaginu sínu og eru í langflestum tilfellum samningsbundnir þeim. Leikmenn eru starfsmenn íþróttafélaga.

Sé leikmaður boðaður í landsliðsverkefni getur íþróttafélag lítið annað gert en að leyfa honum að fara í verkefnið, miðað við reglugerðir þeirra alþjóða íþróttasambanda sem skoðaðar hafa verið hér áður í ritgerðinni. Óhagur íþróttafélaganna af þessu er þó nokkur og hér er farið yfir helstu ástæður þess:

---

<sup>62</sup> Vefsíða FIBA. (e.d.) “*Qualification systems as of 2017.*” Slóð: <http://www.fiba.com/pages/eng/fc/even/compCalendar/p/openNodeIDs/27290/selectNodeID/27290/qualifications.html> (skoðað 2. apríl 2015).

**Yfirgefa íþróttafélagið** - Leikmenn sem kallaðir eru í landsliðsverkefni geta augljóslega ekki tekið þátt í æfingum eða verkefnum með sínu félagsliði á meðan. Landsliðsverkefni skarast þó sjaldan á við keppnisleiki. Slíkt getur þó gerst þegar leikmenn eru sammingsbundnir félagsliðum frá öðrum heimsálfum en heimaland þeirra er í. Sem dæmi má nefna Afríkukeppni í knattspyrnu skarast á við deildarkeppnir í Evrópu.<sup>63</sup> Sama má segja að Evrópumót í knattspyrnu skarast á við deildarkeppnir í Afríku og Suður-Ameríku. Gert er hlé á öllum stærstu deildum heims þegar stórmót í handbolta fara fram í janúar ár hvert.

Þrátt fyrir að engir keppnisleikir séu á þessu tímabili eru mörg íþróttafélög sem vilja nota tímamann til að æfa saman, sinna öðrum verkefnum sem snúa jafnvel að auglýsingum, mæta á viðburði sem íþróttafélagið heldur eða annað slíkt.

**Meiðslahætta** - Leikmenn eiga alltaf í hættu á að meiðast, sama hvort það er hjá félagsliði eða í landsliðsverkefni. Engu að síður er það ekki í hag íþróttafélaga að þurfa að senda leikmenn sína í verkefni þar sem álag getur verið mikið og meiðslahætta því meiri. Íþróttafélög fá greiddar bætur meiðist leikmaður þeirra alvarlega í landsliðsverkefni, líkt og rætt hefur verið hér áður, en þessar bætur ná þó ekki að jafna mögulegt tekjutap íþróttafélagsins af meiðslunum. Árangur íþróttafélaga skiptir miklu máli varðandi tekjur þeirra, styrktaraðilar vilja að liðinu gangi vel og fái athygli, áhorfendur vilja koma og sjá bestu leikmennina spila og verðlaun fyrir að vinna titla hjálpar íþróttafélögum fjárhagslega.<sup>64</sup> Ef leikmaður meiðist í landsliðsverkefni getur hann ekki aðstoðað sitt félagslið við þessa hluti þar sem hann getur ekki keppt með liðinu. Bæturnar ná einungis yfir þau laun sem félagið greiðir leikmanninum en ekki er litið til fleiri neikvæðra þátta meiðslanna.

Kostirnir fyrir íþróttafélag við að senda leikmann sinn í landsliðsverkefni eru meðal annars eftirfarandi:

**Reynsla** - Leikmaður íþróttafélagsins aflar sér reynslu með því að æfa og spila með bestu leikmönnum þjóðarinnar auk þess að fá tækifæri til að keppa gegn færustu leikmönnum annarra þjóða á alþjóðavettvangi.

---

<sup>63</sup> Vefsíða CAF. (26.04.2014). “*Final tournament to run from 17<sup>th</sup> January to 8<sup>th</sup> February; Semi-Finals separated.*” Slóð: <http://www.cafonline.com/en-US/NewsCenter/News/NewsDetails?id=f0lIcKREQ5wPKOi9G8YjFg%3d%3d> (skoðað 3. apríl 2015).

<sup>64</sup> Vefsíða UEFA. (01.03.2015). “*UEFA Champions League revenue distribution*”. Slóð: <http://www.uefa.com/uefachampionsleague/news/newsid=1858497.html> (skoðað 15. apríl 2015).

**Vekur athygli** - Standi leikmaður sig vel í landsliðsverkefni gæti það orðið til þess að stærri íþróttafélög hafi áhuga á að fá hann til liðs við sig. Það myndi auka verðmæti leikmannsins sem gæti leitt til þess að íþróttafélagið selji hann á upphæð sem væri mun hærri heldur en ef leikmaðurinn hefði ekki vakið athygli í landsliðsverkefninu. Þrátt fyrir að þá myndi íþróttafélagið missa sterkan leikmann fengi það þó góða peningaupphæð fyrir sem væri hægt að nota til að fylla í það skarð sem hann skilur eftir. Landsliðsverkefni aðstoða einnig við útbreiðslu þeirrar íþróttar sem keppt er í sem getur leitt til fleiri áhangenda hjá íþróttafélögum.

**Greiðslur frá íþróttasérsamböndum** - Þegar um stórmót er að ræða greiða íþróttasamböndin félögum leikmanna bætur vegna landsliðsverkefnisins. Upphæðirnar eru misjafnlega háar eftir því um hvaða íþróttagrein ræðir. Í handknattleik voru slíkar greiðslur fyrst greiddar á Evrópumótinu í handknattleik árið 2010. Þá fengu félög sem áttu leikmenn á mótinu greiddar tvö hundruð og sjötíu evrur fyrir hvern leik sem leikmaður þeirra spilaði. Samtals greiddi Evrópska handknattleikssambandið (hér eftir „EHF“), sem var mótshaldari mótsins, fjögur hundruð þúsund evrur til félaganna sem nam þó einungis tíu prósentum af heildartekjum af mótinu.<sup>65</sup>

Á síðastliðnu heimsmeistaramóti í handknattleik fengu íþróttafélög mismikið borgað á hvern dag sem leikmaður þeirra var á mótinu eftir því í hvaða sæti landslið hans lenti í. Sem dæmi fékk lið sem átti leikmann sem sigraði mótið 400 svissneska franka<sup>66</sup>, sem jafngildir 383 evrum<sup>67</sup>, fyrir hvern dag sem leikmaðurinn var fjarverandi vegna mótsins. Ef sama lið átti leikmann af öðru þjóðerni á mótinu sem endaði í seinasta sæti fékk félagslið hans greidda 75 svissneska franka eða 72 evrur<sup>68</sup> fyrir hvern dag sem leikmaðurinn var fjarverandi vegna mótsins.<sup>69</sup>

Fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu sem haldið var í Brasilíu árið 2014 skiptu þau íþróttafélög sem áttu leikmenn á því móti milli sín sjötíu milljónum dollara.<sup>70</sup> Greitt var hlutfallslega miðað við hvað félögin áttu marga leikmenn á mótinu og hversu lengi þeir voru

<sup>65</sup> Vefsíða Forum club handball. (28.02.2010). „*EHF pays compensation to the clubs.*”. Slóð: <http://www.forumclubhandball.com/?p=707> (skoðað 3. apríl 2015).

<sup>66</sup> Sem jafngildir 56.151 íslenskum krónum miðað við gengi 10. apríl 2015.

<sup>67</sup> Miðað við gengi svissneska frankans gagnvart evrunni 10. apríl 2015.

<sup>68</sup> Sem jafngildir 10.555 íslenskum krónum miðað við gengi 10. apríl 2015.

<sup>69</sup> Vefsíða Handball World. (01.21.2015) „*IHF announces financial bonus.*” Slóð: <http://www.handball-world.com/o.red.c/news-2-1-25-65578.html> (skoðað 4. apríl 2015).

<sup>70</sup> Vefsíða FIFA. (06.09.2013). Jérôme Valecke. „*Participation of clubs in the benefits of the 2014 FIFA World Cup Brazil™*” Slóð: [http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/16/81/74/circularno.1381-participationofclubsinthebenefitsofthe2014fifaworldcupbrazil\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/16/81/74/circularno.1381-participationofclubsinthebenefitsofthe2014fifaworldcupbrazil_neutral.pdf) (skoðað 4. apríl 2015).

þátttakendur. Ekki skipti máli í hvaða sæti landslið leikmannsins lenti á mótinu þegar reiknaðar voru út dagbætur líkt og í áður nefndu dæmi frá Heimsmeistaramótinu í handknattleik. Auk þess skiptu íþróttasambönd þeirra þjóða sem áttu lið í keppninni á milli sín fimmhundruð og sjötíu milljónum dollara sem þeim var frjálst að nota að vild. Meirihlutinn af því fór í greiðslur til þjálfara, upphald og ferðakostnað í undirbúningi mótsins.<sup>71</sup> Heildar hagnaður af heimsmeistaramótinu 2014 voru tveir milljarðar dollara. Félögin telja að þær upphæðir sem greiddar eru til þeirra séu ekki í samræmi við hagnað alþjóðasambandanna af stórmótunum.

Höfundur fann engar heimildir fyrir því að körfuknattleiksfélög sem átt hafa leikmenn á stórmótum í körfuknattleik hafi fengið greiddar skaðabætur vegna þátttöku sinna leikmanna

## 6.2 Mikilvægi landsliðsverkefna

Greinilegt er að landsliðsverkefni og þá sérstaklega stórmót eru mjög mikilvæg fyrir fjárhagsstöðu alþjóðasambandanna. Mikilvægi mótanna er þó einnig mikið fyrir hinn almenna aðdáanda íþróttarinnar. Í landsliðsverkefnum gefst kostur á að sjá hæfustu leikmenn hvernar þjóðar etja kappi við sambærileg lið frá öðrum þjóð. Landsleikir fanga athygli margra sem að undir öðrum kringumstæðum myndu ekki hafa áhuga á íþróttinni. Hægt er þá að horfa til áhuga íslendinga á handknattleikslandsliðinu þegar það keppir á stórmótum.<sup>72</sup> Þá springur út mikil þjóðerniskennd og fólk á öllum aldri fylgist með sinni þjóð etja kappi. Íþróttin sameinar marga hópa samfélagsins og gefur þeim sameiginlegt áhugamál. Slíkt er erfitt að mæla í peningum en er engu að síður mikilvægt fyrir þjóðarandann. Ef öll íþróttafélög myndu fara þá leið að neita íþróttasamböndum um leikmenn sína myndum við líklegast ekki sjá fleiri landsliðsverkefni í sömu mynd og þau eru í dag.

Í afreksstefnu KKI er fjallað um mikilvægi landsliða en þar segir að með því að landslið séu sýnileg búi þau til fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur auk þess sem gott landsliðsstarf auki áhuga á íþróttinni í landinu.<sup>73</sup>

---

<sup>71</sup> Vefsíða World soccer talk. (27.07.2014). Jord Willis. "FIFA Generated \$2 billion profit from 2014 World cup in Brazil, says report." Slóð: <http://worldsoccertalk.com/2014/07/27/fifa-generated-2-billion-profit-from-2014-world-cup-in-brazil-says-report/> (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>72</sup> Vefsíða Morgunblaðsins. (04.02.2010). "Gríðarlegur áhugi Íslendinga á EM" Slóð: [http://www.mbl.is/sport/em\\_handbolta/2010/02/04/gridarlegur\\_ahugi\\_islendinga\\_a\\_em/](http://www.mbl.is/sport/em_handbolta/2010/02/04/gridarlegur_ahugi_islendinga_a_em/) (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>73</sup> Afreksstefna KKI. KKI. 2013. Slóð: [http://www.kki.is/skjol/Afrekstefna\\_KKI\\_2014.pdf](http://www.kki.is/skjol/Afrekstefna_KKI_2014.pdf) (skoðað 28. mars 2015).

### 6.3 Hagur alþjóðasambanda af landsliðsverkefnum

Stórmót eru haldin misjafnlega oft eftir íþróttgreinum og eru mis umfangsmikil.

Heimsmeistaramót í knattspyrnu er haldið á fjögurra ára fresti og er meðal stærstu íþróttamóta sem haldin eru.<sup>74</sup> FIFA skippuleggur og heldur utan um allt sem við kemur mótinu. Það er margt sem þarf að skipuleggja í kringum mót sem þessi og þarf að vanda til verka. Mjög kostnaðarsamt er að halda mótin en á hinn bóginn laðar Heimsmeistaramót í knattspyrnu til sín marga tugi þúsunda aðdáenda íþróttarinnar. Þessir aðdáendur gera það að verkum að hægt er að halda mót sem þessi með miklum hagnaði og skulum við skoða heimsmeistaramótið í knattspyrnu árið 2010 sem dæmi:

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu árið 2010 var haldið í Suður-Afríku. Mótið skilaði 2.355 milljónum Bandaríkjadala í hagnað. Heildartekjur af mótinu voru 3.655 milljónir dala en útgjöldin 1.298 milljónir dala samkvæmt ársreikningum FIFA. Inn í þetta átti eftir að reikna tekjur af miðasölu.<sup>75</sup>

Tekjurnar af mótinu voru 87 prósent af heildartekjum FIFA á árunum 2007-2010 sem sýnir hversu mikið fjárhagslegt gildi mót sem þessi hafa fyrir alþjóðasamböndin.<sup>76</sup>

Langstærstur hluti tekna mótsins kom af sölu sjónvarpsréttis<sup>77</sup> en sá réttur aflaði 2.408 milljónum dala í tekjur. Tekjur af markaðssetningarréttindum<sup>78</sup> á mótinu voru 1.072 milljónir dala, tekjur af sölu móthaldsréttar<sup>79</sup> námu 120 milljónum dala og tekjur vegna leyfisréttinda<sup>80</sup> námu 55 milljónum.

Útgjöld FIFA vegna mótsins voru meðal annars 348 milljónir dala sem fóru í verðlaunafé til þátttökubjóðanna, 226 milljónir dala í skipulagsnefnd auk þess sem 214 milljónir dala fóru í

---

<sup>74</sup> Vefsíða FIFA. (e.d.). “Sustainability.” Slóð:

<http://www.fifa.com/aboutfifa/socialresponsibility/sustainability/index.html> (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>75</sup> FIFA Financial report 2010. Bls. 36. FIFA. 2011. Slóð:

[http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web\\_fifa\\_fr2010\\_eng\[1\].pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web_fifa_fr2010_eng[1].pdf) (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>76</sup> Vefsíða FIFA. (e.d.). “Income.” Slóð: <http://www.fifa.com/aboutfifa/finances/income.html> (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>77</sup> TV rights

<sup>78</sup> Marketing rights

<sup>79</sup> Hospitality rights

<sup>80</sup> Licensing rights

að fjármagna sjónvarpsútsendingar af leikjum mótsins. Tryggingar starfsfólks og leikmanna sem spiluðu á mótinu kostuðu 25 milljónir dala. 40 milljónum dala var svo skipt á milli allra þeirra félagsliða sem áttu leikmenn á mótinu í hlutfalli við hversu marga leikmenn hvert lið átti og hversu lengi þeir voru þátttakendur í mótinu.<sup>81</sup>

Það þýðir að þau lið sem áttu leikmenn á mótinu skiptu með sér 1,67 prósent af hagnaði mótsins.<sup>82</sup>

Vegna hefðar og stærðar FIFA er það talið ólíklegt að eitthvað annað fyrirtæki eða íþróttasamband gæti haldið alþjóðaknattspyrnumót sem er álíka viðamikið.

Hér er einungis tekið dæmi út frá knattspyrnunni og miðað við einn stærsta íþróttaviðburð í heiminum. Við gerð þessarar ritgerðar fengust engar nákvæmar tölur vegna svipaðra móta hjá IHF eða FIBA og þar af leiðandi er þetta dæmi notað.

Að svo sögðu ber að skoða hvað samkeppnislög hafa að segja um þennan gróða alþjóðasambandanna af stórmótum gegn því að borga svo lágar prósentur af hagnaði til íþróttafélaganna.

---

<sup>81</sup> *FIFA Financial report 2010*. Bls. 37. FIFA. 2011. Slóð:  
[http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web\\_fifa\\_fr2010\\_eng\[1\].pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web_fifa_fr2010_eng[1].pdf) (skoðað 6. apríl 2015).

<sup>82</sup>  $40/2395 = 0,0167$ .

## 7 Samkeppnislög

Samkeppnislög hafa það markmið að efla virka samkeppni. Þeim er ætlað að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri og vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum svo eitthvað sé nefnt.<sup>83</sup>

Þau samkeppnislög sem eru við lýði innan Evrópusambandsins má finna í Lissabonsáttmálanum (hér eftir „TFEU”) sem tók gildi árið 2009.<sup>84</sup> Þar fjallar 1. kafli VII. bóls laganna um samkeppnisreglur.<sup>85</sup>

Þegar samkeppnislögin eru skoðuð með tilliti til þess sem sagt hefur verið um sterka stöðu alþjóðaiþróttasambanda til að halda stórmót ber helst líta til 101. gr.<sup>86</sup> og 102. gr.<sup>87</sup> áður nefnds 1. kafa VII. bóls TFEU. Þessar greinar eru sambærilegar 10. gr. og 11. gr. samkeppnislaganna nr. 44/2005 (hér eftir „samkeppnislög”).

### 7.1 Grein nr. 101 TFEU

101. gr. TFEU og 10. gr. samkeppnislaga fjallar um samkeppnishamlandi samninga. Þar kemur fram að allir samningar og samþykktir milli aðila sem leiða að því að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað séu óheimilar. Dæmi um þetta eru svo nefnd í a-e liðum 2. mgr. 10. gr.<sup>88</sup> Sem dæmi er sagt að bann sé sett á samninga, samþykktir eða samstilltar aðgerðir sem hafa áhrif á viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti og takmarka eða stýra framleiðslu eða mörkuðum.<sup>89</sup>

Lögnum var meðal annars ætlað að takast á við samkeppnishamlandi samninga milli framleiðanda og smásala sem myndi þá hafa áhrif á framboð á vöru og þjónustu. Lögin taka

---

<sup>83</sup> Frumvarp til samkeppnislaga, þskj 883, 590. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0883.html>. Sótt á vefinn 8.4.2015.

<sup>84</sup> Vefsíða Evrópuvefsins. (23.06.2011) “Lissabon-sáttmálinn.” <http://evropuvefur.is/?id=60032> (skoðað 05.04.2015).

<sup>85</sup> Consolidated version of the Treaty on the functioning of the European Union [2010] OJ C83/47

<sup>86</sup> Áður 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>87</sup> Áður 82. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>88</sup> Einnig a-e liðir í 101. gr. TFEU

<sup>89</sup> Frumvarp til samkeppnislaga, þskj 883, 590. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0883.html>. Sótt á vefinn 8.4.2015.



einnig á samráði milli fyrirtækja.<sup>90</sup> Það er í verkahring framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að rannsaka hugsanleg brot á 101. gr. TFEU og eru háar sektir fyrir að brjóta gegn henni.

## 7.2 Grein nr. 102 TFEU

102. gr. TFEU og 11. gr. samkeppnislaga fjallar um að misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu sé með öllu óheimil. Hér þarf að skilgreina hvar mörkin séu á markaðsráðandi stöðu og hvað skal flokka undir misnotkun á þeirri stöðu.

Markaðsráðandi staða er skilgreind með eftirfarandi hætti í 4. mgr. 4. gr. samkeppnislaganna:

*„Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.“*

Íslenska skilgreiningin á markaðsráðandi stöðu er að mestu leyti sú sama og Evrópudómstólinn hefur notast við í dómsuppkvaðningum sínum. Dómaframkvæmd hefur einnig sýnt fram á að mjög mikil markaðshlutdeild leiði til þess að aðili sé álitinn markaðsráðandi.<sup>91</sup>

Þá ber að skoða hvað flokkist undir misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Bæði 11. gr. samkeppnislaga og 102. gr. TFEU koma með dæmi um hvað fellur undir misnotkun á markaðsráðandi stöðu en sá listi er ótæmandi.

Í a. lið greinanna er fjallað um að misnotkun geti falist í því að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir. Í d. lið greinanna er fjallað um hvernig ekki megi nota markaðsráðandi stöðu sína í samningagerð til

---

<sup>90</sup> Sama heimild.

<sup>91</sup> C-27/78 United Brands Continental BV gegn Commission. United Brands voru taldir hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og var skilgreiningin á markaðsráðandi stöðu sambærileg þeirri sem fjallað var um í síðustu málsgrein. Markaðshlutdeild United Brands skv. dómnum var 40 prósent og voru taldir hafa notfært sér markaðsráðandi stöðu sínu með verðmismunum.

að viðsemjendur sínir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengist ekki efni samninganna, þá hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.<sup>92</sup>

Nýlega hafa áðurnefndar greinar TFEU verið til skoðunar í dómsmálum og opinberum kvörtunum frá íþróttafélögum vegna landsliðsverkefna.

---

<sup>92</sup> Frumvarp til samkeppnislaga, þskj 883, 590. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:  
<http://www.althingi.is/alttext/131/s/0883.html>. Sótt á vefinn 8.4.2015.

## 8 Dómar og deilur milli íþróttasambanda og íþróttafélaga

Sjaldan hefur reynt á þau lög og reglugerðir sérsambandanna sem fjallað er um hér að ofan fyrir opinberum dómstólum. Íþróttafélög hafa í flestum tilvikum samþykkt þær reglur sem alþjóðasamböndin setja og framfylgt þeim. Þó hafa nokkur mál vakið athygli síðustu ár sem vert er að skoða. Öll eiga þau það sameiginlegt að þar var reynt á þær greinar TFEU sem fjallað hefur verið um auk þess er þar um íþróttafélög að ræða sem vilja leita réttar síns vegna leikmanna í landsliðsverkefnum.

Fyrsta málið sem skoðað verður er mál Oulmer nr. C-243/06 þar sem félaglið óskaði eftir að fá greiddar skaðabætur vegna þess að leikmaður meiddist í landsleik og var frá keppni í átta mánuði. Þar á eftir er skoðuð kvörtun sem kom á borð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem samtök handknattleikslíða kvörtuðu yfir því að fá ekki greiddar skaðabætur þegar leikmenn væru boðaðir í landsliðsverkefni. Seinasta málið sem skoðað verður er svo það dómsmál sem var kveikjan að ritgerðinni. Það dómsmál fjallar um þrjátíu þýsk félaglið gegn IHF og þýska handknattleikssambandinu. Eftir hvert mál er stutt ályktun um málið og hvers vegna verið er að fjalla um það í þessari ritgerð.

### 8.1 Oulmer málið

Árið 2004 meiddist knattspyrnumaðurinn Abdelmajid Oulmer í landsleik á milli heimalands hans Marokkó og Búrkina Fasó. Meiðsli Oulmer voru það alvarleg að hann hóf ekki knattspyrnuíðkun aftur fyrr en átta mánuðum seinna. Oulmer var sammingsbundinn belgíska knattspyrnuliðinu Roual Sporting Charlerio FC (hér eftir „Charlerio”).

Charlerio var ósátt með það að missa þjónustu leikmanns síns í átta mánuði og óskuðu eftir skaðabótum frá FIFA. Ekki náðust sáttir á milli FIFA og Charlerio sem gerði það að verkum að félagið fór með málið til belgískra dómstóla með stuðningi G14 sem eru samtök átján stærstu knattspyrnuliða Evrópu.<sup>93</sup>

Charlerio og G14 fóru í fyrsta lagi fram á að FIFA myndi vernda íþróttafélögin frá kostnaði þegar leikmenn þeirra kæmu alvarlega meiddir úr landsliðsverkefnum og í öðru lagi var farið fram á að félögin myndu fá skaðabætur vegna framlags þeirra til stórmóta. G14 fór einnig

---

<sup>93</sup> Stephen Weatherill. (2014). *“European Sports Law: Collected papers. 2nd Edition.”* Bls 365.

fram á áttahundruð og sextíu milljónir evra í skaðabætur vegna meiðsla og þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum tíu ár aftur í tímann. Félögin bentu á að þeim þættu reglugerðir FIFA vegna landsliðsverkefna ósanngjarnar og töldu að þeim þyrfti að breyta.<sup>94</sup> Í málinu reyndi á 101. gr.<sup>95</sup> og 102. gr.<sup>96</sup> TFEU auk greina um frjálsan flutning vinnuafis sem má finna í 45. gr.<sup>97</sup> og 46. gr.<sup>98</sup> TFEU. G14 og Charlerio töldu að þau lög sem FIFA hafði um að skylda íþróttafélög til að senda sína bestu leikmenn í landsliðsverkefni án neinna trygginga væri samkeppnishamlandi og að FIFA væri að nýta sér yfirgnæfandi markaðsstöðu sína.

Héraðsdómur Charlerio í Belgíu vísaði frá áttahundruð og sextíu milljóna evra kröfu G14 sambandsins en vísaði málinu að öðru leyti til Evrópudómstólsins.<sup>99</sup>

Í febrúar 2008 komust G14 og FIFA að samkomulagi um að FIFA myndi greiða félögum fyrir þjónustu leikmanna í landsleikjum. Var þetta samkomulag upphafið að skipulagsáætlun FIFA um vernd knattspyrnufélaga.<sup>100</sup>

Í nóvember 2008 var málinu lokað hjá Evrópudómstólnum án neinnar niðurstöðu.<sup>101</sup>

### 8.1.1 Ályktun

Málið vakti mikla athygli á sínum tíma innan knattspyrnuheimsins og var mikið ritað um hvernig það myndi breyta alþjóðlegri keppni knattspyrnunar.<sup>102</sup> Sumir gengu svo langt að telja málið vera endann á alþjóðlegri knattspyrnu og keppnum milli landa í greininni.<sup>103</sup> Málið hefur verið talið stærsta lögfræðilega tengda mál knattspyrnunnar síðan Bosman málið svokalla kom upp.<sup>104</sup>

---

<sup>94</sup> Stephen Weatherill. (2014). “*European Sports Law: Collected papers. 2nd Edition.*” Bls 395.

<sup>95</sup> Þáverandi 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>96</sup> Þáverandi 82. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>97</sup> Þáverandi 39. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>98</sup> Þáverandi 40. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>99</sup> Málsmúmer: RG n°A/05/03843 et A/06/00735. Slóð:

<http://www.tcch.be/images/JGT%20FIFA%20DEF.pdf> (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>100</sup> Sem fjallað er um í kafla 5.2.1.1

<sup>101</sup> C-242/06. SA Sporting du Pays de Charlerio and Groupement des clubs de football européens.

<sup>102</sup> Vefsíða EurActiv. (19.05.2006). “*ECJ to rule on second landmark case in football*”. Slóð:

<http://www.euractiv.com/sports/ecj-rule-second-landmark-case-football/article-155382> (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>103</sup> Vefsíða Corkonline Law Review. (e.d.). Darragh K Connell. “*The final whistle for international football?*” Slóð: [http://corkonlinelawreview.com/editions/2008/2008\\_COLR\\_1.pdf](http://corkonlinelawreview.com/editions/2008/2008_COLR_1.pdf) (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>104</sup> Mál Jean-Marc Bosman (C-415/93). Málið fjallaði um að það væri mismunun ef starfsmaður gæti ekki fært sig um land til að vinna sína vinnu. Samningur Bosman við sitt knattspyrnulið var búin.

Síðan málið kom upp hafa reglur FIFA tekið miklum breytingum hvað varðar landsleiki og rétt félagsliða vegna þeirra. Ekki er að fullu vitað hvernig málið hefði farið fyrir Evrópuþómstólnum en ljóst var að FIFA vildi ekki að málið myndi fara svo langt og var tilbúið að koma til móts við félagsliðin með þessum hætti í staðinn.<sup>105</sup>

## 8.2 Kvörtun samtaka Handknattleiksfélaga í Evrópu

Í apríl 2009 lögðu Samtök Handknattleiksliða í Evrópu<sup>106</sup> fram formlega kvörtun til Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna framgangs IHF og EHF í landsliðsmálum.<sup>107</sup> Kvörtunin var gefin út eftir að samningaviðræður handknattleiksliðanna við handknattleikssamböndin höfðu ekki skilað árangri.

Handknattleiksliðin töldu að þær íþyngjandi reglur að þurfa að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni væru ekki sanngjarnar. Liðin mótmæltu því að þau fengju ekki skaðabætur þegar leikmenn þeirra væru í landsliðsverkefni, að leikmennirnir væru ekki tryggðir fyrir meiðslum eða veikindum á meðan landsliðsverkefni fara fram, auk þess að engin takmörk voru sett um hversu oft eða lengi handknattleikssambönd gátu kallað leikmenn til sín í landsliðsverkefni.

Í kvörtuninni er bent á að handknattleikssamböndin og stærstu handknattleiksliðin séu í samkeppni á ýmsum mörkuðum<sup>108</sup> og væru aðgerðir IHF og EHF í ósamræmi við almennar samkeppnisreglur.

Samtök handknattleiksliða í Evrópu bentu á að það væri ekki markaðurinn sem væri að stjórna hvernig samkeppnin væri heldur hefðu handknattleikssamböndin einhliða vald til þess að auka markaðsstöðu sína.

Samtök handknattleiksliðanna óskuðu eftir því að Framkvæmdastjórnin skoðaði hvort lög IHF og EHF væru að brjóta 101. gr. TFEU.<sup>109</sup>

---

Hann ætlaði sér að spila með öðru liði en fyrrum knattspyrnulið hans heimtaði greiðslur vegna félagskiptana. Niðurstaðan var sú að honum var frjálst að færa sig um set til annars vinnuveitenda án þess að fyrrverandi vinnuveitandinn ætti að fá borgað fyrir.

<sup>105</sup> Stephen Weatherill. (2014). "European Sports Law: Collected papers. 2nd Edition." Bls 465.

<sup>106</sup> Samtökin eru samansett af stærstu handknattleiksfélögum Evrópu og er ætlað að verja réttindi þeirra.

<sup>107</sup> Vefsíða Forum club handball. (02.04.2009). "Press release GCH, ENG, 1.4.09. Slóð: <http://www.forumclubhandball.com/?p=166> (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>108</sup> Þá er helst bent á auglýsingamarkað, sjónvarpsrétt, miðasölu, styrktaraðila og aðgang að leikmönnum.

Þetta var í fyrsta skipti sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins var beðin opinberlega um að athuga hvort reglur IHF um að hleypa leikmönnum í landsliðsverkefni<sup>110</sup> samræmdust evrópsku samkeppnislögunum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hóf rannsókn á málinu. Upphaf þeirrar rannsóknar leiddi til þess að EHF leitaðist við að ná fram sameiginlegri niðurstöðu með samtökunum. Niðurstaðan varð sú að EHF samþykkti að greiða skaðabætur til þeirra félaga sem senda leikmenn sína í Evrópumót auk þess að tryggja það að laun leikmanna yrðu greidd ef þeir myndu meiðast á mótinu.<sup>111</sup>

Þrátt fyrir að einungis EHF en ekki IHF hefðu mætt kröfum samtaka handknattleiksliða var kvörtunin lögð niður og rannsókn stöðvuð.<sup>112</sup> Reynt var að ná svipuðu samkomulagi við IHF en það gekk ekki sem skyldi.

### 8.2.1 Ályktun

Þrátt fyrir að rannsókn málsins hafi verið stöðvuð var greinilegt að kvörtunin hafði áhrif á samningaviðræður handknattleiksfélaganna og alþjóðasambandanna. Með því að opinber rannsókn hófst jókst þrýstingurinn í samningaviðræðunum og kom í ljós að ákveðnu marki hvernig lög Evrópusambandsins geta aðstoðað íþróttafélög við að ná fram rétti sínum. Þrátt fyrir að Framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort 101. gr. TFEU myndi gilda um lög og reglugerðir handknattleikssambandsins var EHF tilbúið að mæta kröfum samtakanna þegar rannsóknin hófst. Erfitt er að álykta hvort það sé vegna hræðslu við rannsókn eða hvort EHF hafi viljað gera breytingu á sínum starfsháttum og auka samstarf með samtökum handknattleiksfélaga.

Það að IHF og samtökin hafi ekki náð samkomulagi átti eftir að draga dilk á eftir líkt og fjallað verður um í umfjöllun um í dóm Héraðsdóms Dortmund vegna deilna IHF, þýska handknattleikssambandsins og þrjátíu þýskra handknattleiksfélaga.<sup>113</sup>

---

<sup>109</sup> Þáverandi 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>110</sup> Player release rules

<sup>111</sup> Vefsíða Forum club handball. (28.02.2010). “*EHF pays compensation to the clubs.*”. Slóð: <http://www.forumclubhandball.com/?p=707> (skoðað 3. apríl 2015).

<sup>112</sup> Vefsíða EHF. (16.07.2010). “*GCH and ASOBAL officially withdraw complaints.*”. Slóð: <http://www.eurohandball.com/2013/article/013247> (skoðað 10. apríl 2015).

<sup>113</sup> LG Dortmund. Aktenzeichen 8 O 46/13. OpenJur 2014, 22492.

### 8.3 Þýski handknattleiksdómurinn

Í apríl 2013 fóru þrjátíu þýsk handknattleiksfélög í mál við IHF og þýska handknattleikssambandið. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Dortmund. Ástæða málsins var sú að handknattleiksfélögin töldu að greinar í reglugerð um gjaldgengi leikmanna<sup>114</sup>, færu gegn gr. 102 í TFEU<sup>115</sup> og sambærilegum þýskum samkeppnislögum. Félagin töldu að þýska handknattleikssambandið ætti ekki að hafa rétt á því að boða leikmenn í landsliðsverkefni þar sem IHF myndi síðan hagnast af auglýsinga og sjónvarpstekjum frá þeim verkefnum og félagin fengju lítið sem ekkert í staðinn. Félagin vildu að IHF myndi greiða þeim fyrir þjónustu leikmanna þeirra auk þess að tryggja leikmennina fyrir meiðslum á meðan þeir væru í landsliðsverkefnum. IHF hafði borgað félögunum fyrir þátttöku leikmanna þeirra í heimsmeistaramótum árið 2011 og 2013 en ekki fyrir einstaka leiki í undankeppnum eða æfingaleiki. Handknattleiksfélögin töldu að IHF væri að misnota markaðsráðandi stöðu sína með þessum aðgerðum og bentu á áðurnefnd lög og reglugerðir máli sínu til stuðnings.

IHF og þýska handboltasambandið töldu á að án reglna um skyldur íþróttafélaga til að hleypa leikmönnum í landsliðsverkefni myndu félagin aldrei hleypa leikmönnum sínum í slík verkefni og alþjóðlegar keppnir milli landsliða myndu leggjast af eða áhugi á þeim myndi minnka gífurlega. Samböndin bentu auk þess á að landsliðsverkefni gæfu leikmönnum ákveðin tækifæri til að sýna getu sína sem gæti gert þá verðmætari.

Í niðurstöðum dómsins kom fram að ekki væri verið að deila um það hvort það mætti skylda félag til að hleypa leikmönnum sínum í landsliðsverkefni heldur hvort hægt væri að gera slíkt án þess að greiða fyrir það. Þar af leiðandi taldi dómurinn að ekki væri verið að stofna alþjóðlegum handknattleiksmótum í hættu. Dómurinn benti á að félagin hefðu fengið borgað á áðurnefndum heimsmeistaramótum án þess að það hafi komið niður á mótinu sjálfu eða framkvæmd þess.

Dómurinn komst því að þeirri niðurstöðu að IHF væri með markaðsráðandi stöðu þegar kemur að því að skipuleggja alþjóðleg handknattleiksmót líkt og Ólympíuleika og heimsmeistaramót. Dómurinn taldi að sú kvöð íþróttafélaga að þurfa að sleppa leikmönnum í landsliðsverkefni án neinna skaðabóta væri misnotkun á markaðsráðandi stöðu IHF. Dómurinn kom inná hvornig það væri talið óhugsandi að vinnustaðir myndu hleypa starfsmönnum sínum í að vinna annarstaðar en borga engu að síður laun þeirra á meðan.

---

<sup>114</sup> Sem fjallað er um í kafla 5.1.1.

<sup>115</sup> Sem fjallað er um í kafla 7.

Dómurinn lýsti auk þess skilyrðunum um að sleppa leikmönnum í landsliðsverkefni samkvæmt gr. 7.2 og gr. 7.3.2 í reglugerð um gjaldgengi leikmanna sem gefin er út af IHF, ógild.<sup>116</sup>

Niðurstöðu dómsins hefur verið áfrýjað af IHF og þýska handknattleikssambandinu til næsta dómstigs í Þýskalandi.<sup>117</sup> Næst verður málið tekið fyrir 24. júní 2015.<sup>118</sup>

### 8.3.1 Ályktun

Niðurstaða dómsins hefur vakið mikla athygli innan handknattleikshreyfingarinnar. Þegar dómurinn mat það hvort IHF hefði markaðsráðandi stöðu fóru þeir svipaðar leiðir og þekkjast hjá Evrópudómstólnum. Dómurinn taldi að mikilvægt væri að hafa einhverjar reglugerðir sem hjálpa íþróttasársamböndum að fá leikmenn í landsliðsverkefni en hinsvegar gætu þær ekki verið jafn íþyngjandi og þekkt í dag.

Dómurinn hefur möguleika á því að vera fordæmisgefandi fyrir aðrar íþróttagreinar. Með dómnum er verið að meta hvort reglur um að hleypa leikmönnum í landsliðsverkefni standist samkeppnislög. Mörg önnur íþróttasársambönd eru með svipaðar reglur varðandi landsliðsverkefni og gæti þetta leitt til allsherjar endurskoðunar á þeim reglum. Sem dæmi þarf einungis að nefna svipaðar reglur hjá körfuknattleikshreyfingunni sem fjallað hefur verið um hér áður.<sup>119</sup> Niðurstaðan gefur íþróttafélögum í öðrum íþróttagreinum þar sem stjórnarhættir eru ekki eins og best verður á kosið möguleika á að nýta 102. gr. TFEU í sínum deilum við íþróttasambönd. Í langflestum tilvikum eru alþjóðaíþróttasambönd með markaðsráðandi stöðu í sinni íþróttagrein og á 102. greinin þar með við í flestum tilvikum. Íþróttafélögin gætu, með því að nýta sér fordæmið sem áður nefndur dómur hefur sett, fengið íþróttasársambönd og alþjóðasambönd til þess að feta í fótspor FIFA sem hafa innleitt í sínar reglugerðir greinar<sup>120</sup> sem aðstoða íþróttafélög þegar leikmenn þeirra eru kallaðir í landsliðsverkefni.

---

<sup>116</sup> LG Dortmund. Aktenzeichen 8 O 46/13. OpenJur 2014, 22492.

<sup>117</sup> Vefsíða Forum club handball. (08.07.2014). “DHB and IHF lodge and appeal against the decision of the court Landgericht Dortmund.” Slóð: <http://www.forumclubhandball.com/?p=1881> (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>118</sup> Vefsíða Forum club handball. (02.04.2015). “Court postpones court case of 17 BL-Clubs against German Federation and IHF until 24.06.2015.” Slóð: <http://www.forumclubhandball.com/?p=2013> (skoðað 8. apríl 2015).

<sup>119</sup> Fjallað um í kafla 5.3

<sup>120</sup> Fjallað um í kafla 5.2



## 9 Niðurstaða

Höfundur hefur leitast við að gera grein fyrir því hvort íþróttafélag geti neitað íþróttasambandi þátttöku samningsbundins leikmanns í landsliðsverkefni. Til þess að komast að niðurstöðu hefur höfundur útskýrt helstu hugtök sem notast er við í ritgerðinni, farið yfir helstu lög og reglugerðir íþróttasársambanda bæði alþjóðlegra og héraðslegra sem varða umfjöllunarefnið, útskýrt hvað teljist sem landsliðsverkefni og hvers vegna íþróttafélög ættu ekki að vilja hleypa leikmönnum sínum í þau. Skoðað hefur verið hvernig alþjóðasambönd hagnast af landsliðsverkefnum og þau samkeppnislög sem fjalla um málefnið. Farið hefur verið yfir helstu deilur og dóma sem fallið hafa um málefnið til að gefa dæmi um raunverulega notkun laganna.

Þar sem fáar fyrirmyndir eru fyrir því að íþróttafélög neiti að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni verður höfundur að meta niðurstöðuna út frá því sem komið hefur fram í ritgerðinni.

Það þykir greinilegt að þrátt fyrir að löng hefð sé fyrir því að íþróttafélög sendi leikmenn sína í landsliðsverkefni, ríkir ekki fullkomin sátt með framkvæmd þess eins og dæmin hér fyrir ofan bera með sér. Framkvæmdin á landsliðsverkefnum hefur verið að mestu leyti sú sama frá því að lönd byrjuðu að keppa sín á milli í liðsíþróttum en helsta breytingin eru laun íþróttafólksins hafa hækkað og tekjur af verkefnum hafa aukist.

Tilgangur þeirra laga og reglna sem alþjóðasamböndin setja vegna landsliðsverkefna er meðal annars að varna því að alþjóðlegar keppnir leggist alfarið niður. Talsmaður G14 samtakana í Oulmers málinu vildi meina að þáverandi löggjöf FIFA væri gerð af alþjóðasamböndunum fyrir alþjóðasambönd og þar af leiðandi hallaði á íþróttafélögin í þessum málefnum.<sup>121</sup> Lögin og reglugerðirnar hafa þó tekið breytingum síðastliðin ár, þá sérstaklega hjá knattspyrnuhreyfingunni.

Íþróttafélögin hafa gildar ástæður fyrir því að vera treg til þess að senda sína íþróttamenn í landsliðsverkefni líkt og kom fram í kafla 6.1. Alþjóðlegar keppnir má þó ekki leggja af. Keppnirnar hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir leikmenn, aðstandendur og aðdáendur íþrótt

---

<sup>121</sup> Vefsíða BBC sport. (20.03.2006). "FIFA set for Charleroi court case." Slóð: <http://news.bbc.co.uk/sport2/hi/football/europe/4825680.stm> (skoðað 8. apríl 2015).

auk þess að hafa fjárhagslegt gildi fyrir alþjóðasamböndin. Án alþjóðlegra keppna væri starf alþjóðasambandanna mun erfiðara en það er í dag.

Í umfjöllun um samkeppnislög má lesa það út að alþjóðaiþróttasambönd hafi markaðsráðandi stöðu þegar kemur að því að halda alþjóðleg íþróttamót fyrir sína íþróttagrein. Samböndin búa til lög og reglur sem snerta íþróttina sem íþróttafélagunum ber að fara eftir. Alþjóðaiþróttasamböndin geta að miklu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Farið var yfir dóma og kvartanir sem upp hafa komið vegna reglna alþjóðasambandanna. Ástæðan fyrir þeirri yfirferð var að sýna hvernig íþróttafélög geta nýtt sér evrópsk lög til þess að fá sínu framgengt. Dómarnir sýndu svo fram á hvernig mat færi fram á lögum og reglugerðum alþjóðasambandanna fyrir dómstólum.

Að svo sögðu er niðurstaða höfundar að staða íþróttafélaga gagnvart íþróttasérsamböndum er að íþróttafélag geti ekki neitað íþróttasérsambandi um þjónustu leikmanns í landsliðsverkefni, svo lengi sem landsliðsverkefnið er viðurkennt af alþjóðaiþróttasérsamböndunum. Íþróttafélagunum ættu þó að vera greiddar bætur og leikmenn þeirra tryggðir svo að jafnræðis sé gætt. Í dag eru þessar bætur ekki nægjanlega háar að mati höfundar til þess að réttlæta að íþróttafélög séu skyldug til að senda leikmenn sína í landsliðsverkefni. Höfundur telur að núverandi reglur og lög varðandi landsliðsverkefni stangist á við evrópsk samkeppnislög. Þessum lögum íþróttasambandanna verður að breyta til að jafna hlut íþróttafélaganna en mikilvægi stórmóta í íþróttagreinum er of mikið bæði fjárhagslega og félagslega til þess að hægt sé að leggja þau niður.

Lög og reglugerðir alþjóðasambandanna hafa engu að síður verið að taka breytingum síðastliðin ár til hins betra fyrir íþróttafélög. Sú þróun gefur íþróttafélögum ástæðu til að vera bjartsýn á framtíðina í þessum málefnum.

## 10 Lokaorð

Skrif ritgerðar sem þessarar er mjög krefjandi, sérstaklega í ljósi þess hve fáar heimildir eru til um málefnið. Íþróttaréttur hefur ekki verið áberandi á Íslandi undanfarin ár en slíkt gæti breyst á komandi árum verði þróun íþrótta á landinu í sömu átt og hún er núna. Íslensk knattspyrnufélög nálgast atvinnumannafélög á hverju ári og Íslendingar eru alltaf að eignast fleiri atvinnumenn í hand- og körfuknattleik.

Íslenskum íþróttafélögum ber að fara eftir þeim reglugerðum sem fjallað hefur verið um í ritgerðinni. Staða þeirra er að mestu leyti sú sama og staða erlendrar stórlíða þegar kemur að þessum málefnum. Launakostnaður og annað er þó ekki jafn mikill og þekkist í stærri deildum Evrópu og því líklegra að þær bætur sem alþjóðasamböndin eru að borga myndu nægja sem skaðabætur fyrir íslensk íþróttafélög.

Eftir að hafa borið saman regluverk um landsliðsverkefni og framkvæmd stórmóta á milli hanknattleiks, knattspyrnu og körfuknattleiks kemur í ljós að hugmyndir allra sambandanna eru svipaðar og hugsunin sú sama.

Knattspyrnuhreyfingin hefur komið til móts til íþróttafélögin vegna fráveru leikmanna þeirra og hefur mikil þróun verið seinustu ár varðandi tryggingar leikmanna og bætur til íþróttafélaga vegna landsliðsverkefna.

Handknattleikshreyfingin greiddi íþróttafélögum fyrst fyrir þátttöku leikmanna þeirra á stórmóti árið 2010. Helsta deiluefni handknattleiksins fyrir utan greiðslurnar er hversu mörg stórmót eru haldin. Handknattleiksfélögin hafa nú þó leitað réttar síns og verður áhugavert að sjá hvernig það mun enda.

Körfuknattleikshreyfingin kemur, skv. því sem kemur fram í ritgerðinni, ekki jafn vel til móts við íþróttafélögin og knattspyrnan eða handboltinn. Ástæðan fyrir þessu gæti verið að landsleikir í körfuknattleik eru í langflestum tilfellum spilaðir á undirbúningstímabili körfuknattleiksfélaganna. Erfitt er þó að geta sér fyrir nákvæmlega hver ástæðan er.

Það sem kom höfundu einna mest á óvart við skrif ritgerðarinnar er að hvers vegna mál sem þessi hafi ekki komið upp mun fyrir. Landslið, landsliðsverkefni og íþróttasársambönd hafa verið til í tugi ára. Ástæðurnar gætu verið þó nokkrar en þó mætti helst nefna að venja hafi

verið kominn upp varðandi landsliðsverkefni en aukin hagnaður af verkefnum leiðir til þess að allir vilja fá sinn skerf.

Hingað til hefur lítið sem ekkert reynt á lög og reglugerðir íþróttasambanda varðandi landsliðsverkefni fyrir dómstólum. Íþróttasamböndin hafa ávallt verið tilbúin að koma til móts við félögin þegar um deilur vegna málefnisins hafa komið upp. Fari dómsmál þýsku handknattleiksfélagana lengra í dómskerfinu verður að teljast líklegt að fleiri íþróttagreinar fari að fylgjast nánar með gangi mála. Málið gæti orðið fordæmisgefandi fyrir landsliðsverkefni í öðrum íþróttum og leitt til reglubreytinga á því sviði.

## 11 Heimildaskrá

### Bækur

Áslaug Björgvinsdóttir. *Félagaréttur*. Reykjavík. Bókaútgáfan Codex. 1999.

Mörður Árnason (Ritstjóri). *Íslensk orðabók, þriðja útgáfa*. Reykjavík, Edda. 2002.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensk samningaréttar*. Reykjavík. Bókaútgáfan Codex. 2004.

Skúli Magnússon. *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar: Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki*. Reykjavík. Háskólaútgáfan. 2003.

Steinar J. Lúðvíksson. *Saga handknattleiks á Íslandi 1920-2010*. Reykjavík. Bókaútgáfan Hólar. 2012.

Stephen Weatherill. *European Sports Law: Collected papers. 2nd Edition*. Asser Press. 2014.

### Lög

Samkeppnislög nr. 44/2005.

Lög Knattspyrnusambands Íslands. Í gildi frá 23. apríl 2007, með síðari breytingum.

Lög Handknattleikssambands Íslands. Í gildi frá maí 2008.

Lög Körfuknattleikssambands Íslands. Í gildi frá maí 2011.

Lissabonsáttmálinn 2007.

### Íslenskar reglur og reglugerðir

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í gildi frá 23. apríl 2007, með síðari breytingum.

Reglugerð KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum. Í gildi frá 23. apríl 2007.

Reglugerð HSÍ um starfsreglur landsliðsnefndar kvenna. Í gildi frá 8. apríl 2009.

Reglugerð HSÍ um félagaskipti, leikmannasamninga ofl. Í gildi frá 1. maí 2012.

Reglugerð KKÍ um leikmannasamninga.

Afreksstefna KKÍ. Í gildi frá 2013.

### **Alþjóðlegar reglugerðir og ársreikningar**

FIBA Internal regulations. Í gildi frá 2012.

FIBA Regulations on the status and transfer of players. FIBA. 2012

FIFA ársreikningur 2010. Kynntur í Zurich, 31. maí 2011. (*FIFA Financial report 2010.*” bls. 36. FIFA. 2011. Slóð: [http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web\\_fifa\\_fr2010\\_eng\[1\].pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/01/39/20/45/web_fifa_fr2010_eng[1].pdf) (skoðað 6. apríl 2015).

FIFA Technical Bulletin. FIFA club protection programme. Í gildi frá júní 2012.

FIFA Regulations on the status and transfer of players. Í gildi frá júlí 2014.

IHF Legal provisions. IHF. 2011

IHF Player eligibility code. Í gildi frá 8. júlí 2014.

### **Dómar**

Mál C-27/78. *United Brands Continental BV gegn Commission.* 14. janúar 1978

Mál C-415/93. *Union Royale Belge des Sociétés de Football Association ASBL gegn JeanMarc Bosman, Royal Club Liégeois SA gegn Jean-Marc Bosman and Others og Union des Associations Européennes de Football (UEFA) gegn Jean-Marc Bosman.* 15. desember 1995.

Mál C-243/06. *SA Sporting du Pays de Charlerio and Groupement des clubs de football européens gegn Federation internationale de football association (FIFA).* 2. september 2006.

### **Þýskaland**

Dómur Héraðsdóms Dortmund. LG Dortmund. Aktenzeichen 8 O 46/13. OpenJur 2014, 22492.

## Belgía

Dómur héraðsdóms Charlerio. Affaire Rôle Général n° A/05/03843.

## Vefsíður

Vefsíða BBC sport. (20.03.2006). “*FIFA set for Charlerio court case.*” Slóð: <http://news.bbc.co.uk/sport2/hi/football/europe/4825680.stm> (skoðað 8. apríl 2015).

Vefsíða CAF. (26.04.2014). “*Final tournament to run from 17<sup>th</sup> January to 8<sup>th</sup> February; Semi-Finals separated.*” Slóð: <http://www.cafonline.com/en-US/NewsCenter/News/NewsDetails?id=f0lIcKREQ5wPKOi9G8YjFg%3d%3d> (skoðað 3. apríl 2015).

Vefsíða Corkonline Law Review. (e.d.). Darragh K Connell. “*The final whistle for international football?*” Slóð: [http://corkonlinelawreview.com/editions/2008/2008\\_COLR\\_1.pdf](http://corkonlinelawreview.com/editions/2008/2008_COLR_1.pdf) (skoðað 8. apríl 2015).

Vefsíða EurActiv. (19.05.2006). “*ECJ to rule on second landmark case in football*”. Slóð: <http://www.euractiv.com/sports/ecj-rule-second-landmark-case-football/article-155382> (skoðað 8. apríl 2015).

Vefsíða EHF. (16.07.2010). “*GCH and ASOBAL officially withdraw complaints*”. Slóð: <http://www.eurohandball.com/2013/article/013247> (skoðað 10. apríl 2015).

Vefsíða FIBA. (13.03.2015). “*Kosovo becomes 215th National Member Federation of FIBA*”. Slóð: <http://www.fiba.com/news/kosovo-becomes-215th-national-member-federation-of-fiba> (skoðað 29. mars 2015)

Vefsíða FIBA. (e.d.). “*FIBA History.*” Slóð:

<http://www.fiba.com/pages/eng/fc/FIBA/fibaHist/p/openNodeIDs/5683/selNodeID/5683/fibaHist.html> (skoðað 27. mars).

Vefsíða FIBA. (e.d.). “*Qualification systems as of 2017.*” Slóð:

<http://www.fiba.com/pages/eng/fc/even/compCalendar/p/openNodeIDs/27290/selNodeID/27290/qualifications.html> (skoðað 2. apríl 2015).

Vefsíða FIFA. (09.01.2015). Markus Kattner. “*FIFA Club Protection Programme 2015-2018.*” Slóð:

[http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/50/61/52/circularno.1466-fifaclubprotectionprogramme2015-2018\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/50/61/52/circularno.1466-fifaclubprotectionprogramme2015-2018_neutral.pdf) (skoðað 23. mars 2015).

Vefsíða FIFA. (06.09.2013). Jérôme Valcke. “*Participation of clubs in the benefits of the 2014 FIFA World Cup Brazil™*” Slóð:

[http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/16/81/74/circularno.1381-participationofclubsinthebenefitsofthe2014fifaworldcupbrazil\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/affederation/administration/02/16/81/74/circularno.1381-participationofclubsinthebenefitsofthe2014fifaworldcupbrazil_neutral.pdf) (skoðað 5. apríl 2015).

Vefsíða FIFA. (e.d.). “*History of FIFA – Foundation.*” Slóð:

<http://www.fifa.com/classicfootball/history/fifa/foundation.html> (skoðað 6. apríl 2015).

Vefsíða FIFA. (e.d.). “*Income.*” Slóð: <http://www.fifa.com/aboutfifa/finances/income.html> (skoðað 6. apríl 2015).

Vefsíða FIFA. (e.d.). “*Sustainability.*” Slóð:

<http://www.fifa.com/aboutfifa/socialresponsibility/sustainability/index.html> (skoðað 6. apríl 2015).

Vefsíða Forum club handball. (02.04.2015). “*Court postpones court case of 17 BL-Clubs against German Federation and IHF until 24.06.2015.*” Slóð:

<http://www.forumclubhandball.com/?p=2013> (skoðað 8. apríl 2015).



Vefsíða Forum club handball. (08.07.2014). “*DHB and IHF lodge and appeal against the decision of the court Landgericht Dortmund.*” Slóð:

<http://www.forumclubhandball.com/?p=1881> (skoðað 8. apríl 2015).

Vefsíða Forum club handball. (28.02.2010). “*EHF pays compensation to the clubs.*”. Slóð:

<http://www.forumclubhandball.com/?p=707> (skoðað 3. apríl).

Vefsíða Forum club handball. (02.04.2009). “*Press release GCH, ENG, 1.4.09.* Slóð:

<http://www.forumclubhandball.com/?p=166> (skoðað 8. apríl 2015).

Vefsíða Handball World. (01.21.2015) “*IHF announces financial bonus.*” Slóð:

<http://www.handball-world.com/o.red.c/news-2-1-25-65578.html> (skoðað 4. apríl 2015).

Vefsíða Inside Spanish Football. (16.11.2013) Tom Conn. “*Real Madrid receive €2 million in compensation from FIFA for Khedira injury.*” Slóð:

<http://www.insidespanishfootball.com/87156/real-madrid-receive-e2-million-in-compensation-from-fifa-for-khedira-injury/> (skoðað 23. mars 2015).

Vefsíða KKI. (e.d.). “*Um Körfuknattleikssamband Íslands*”. Slóð:

<http://www.kki.is/umkki.asp> (skoðað 22.mars 2015).

Vefsíða KSI. (e.d.). “*Um KSI*”. Slóð: <http://www.ksi.is/um-ksi> (skoðað 5. apríl 2015).

Vefsíða Morgunblaðsins. (20.05.2014). Ívar Benediktsson. “*Geta félagin útilokað leikmenn frá HM?*” Slóð:

[http://www.mbl.is/sport/handbolti/2014/05/20/geta\\_felugin\\_utilokad\\_leikmenn\\_fra\\_hm/](http://www.mbl.is/sport/handbolti/2014/05/20/geta_felugin_utilokad_leikmenn_fra_hm/)  
(skoðað 2. janúar 2015).

Vefsíða Morgunblaðsins. (04.02.2010). “*Griðarlegur áhugi Íslendinga á EM*” Slóð:

[http://www.mbl.is/sport/em\\_handbolta/2010/02/04/gridarlegur\\_ahugi\\_islendinga\\_a\\_em/](http://www.mbl.is/sport/em_handbolta/2010/02/04/gridarlegur_ahugi_islendinga_a_em/)  
(skoðað 6. apríl 2015).

Vefsíða Sbnation. (05.08.2014). Tom Ziller. “*The real reason Mark Cuban hates FIBA.*”. Slóð: <http://www.sbnation.com/nba/2014/8/5/5970585/mark-cuban-fiba-world-cup-2014> (skoðað 24. mars 2015).

Vefsíða Sport.is. (09.01.2015). Þór Símon Hafþórsson. “*Hópurinn fyrir leikina gegn Kanada – Elías Már og Hólmbert valdir.*” Slóð: <http://sport.moi.is/fotbolti/2015/01/09/hopurinn-fyrir-leikina-gegn-kanada-elias-mar-og-holmbert-valdir/> (skoðað 21. mars 2015).

Vefsíða UEFA. (01.03.2015). “*UEFA Champions League revenue distribution*”. Slóð: <http://www.uefa.com/uefachampionsleague/news/newsid=1858497.html> (skoðað 15. apríl 2015).

Vefsíða UEFA. (e.d.) “*Competition format.*” Slóð: <http://www.uefa.com/worldcup/season=2014/competitionformat/> (skoðað 1. apríl 2015).

Vefsíða World soccer talk. (27.07.2014). Jord Willis. “*FIFA Generated \$2 billion profit from 2014 World cup in Brazil, says report.*” Slóð: <http://worldsoccertalk.com/2014/07/27/fifa-generated-2-billion-profit-from-2014-world-cup-in-brazil-says-report/> (skoðað 6. apríl 2015).